

Lagafrumvörp ekki útrædd.

1. Bifreiðalög.

Á 7. fundi í Ed., 14. ágúst, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á bifreiðalögum, nr. 23
16. júní 1941 (stjfrv., A. 55).

Á 8. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Af-
brigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jakob Möller): Fyrir síðasta þingi lá frv. um breyt. á bifreiðal., sama efnis og það, sem hér er horið fram, að færa aldursmark bifreiðarstjóra, þeirra sem atvinnu stunda með minna prófinu, úr 18 árum í 17 ár. Málið heltist úr lest og varð þess vegna óútrætt sakir tíma-skorts, en ekki af því, að það mætti eiginlegri mótstöðu. Frv. kom fram af því, að mjög var sótt á um þessa breytingu. Bifreiðum hefur fjölg-
að mjög undanfarin ár, og af því er sprottin þessi krafa um breytinguna. Í rauninni er ó-
mögulegt að gera upp á milli þess, hvort maður þurfi frekar að vera 18 eða 17 ára, þegar hann fer að stunda þessa atvinnu. Ríkisstj. þótti eftir þessum málavöxtum rétt að setja um þetta brbl., og vil ég mæla með því við hv. þd., að frv. verði samþ. Óska ég, að því verði vísað til n. að lok-
inni umr.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til samgmn. með 8:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já: BBen, BrB, EÁrna, GJ, HG, IngP, PHerm,
SÁÓ.

nei: ÞÞ, EE.

MJ greiddi ekki atkv.

5 þm. (JJós, BSt, HermJ, JJ, StgrA) fjar-
staddir.

Á 13. fundi í Ed., 24. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 55, n. 101).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Af-
brigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Gísli Jónsson): Herra forseti. Samgmn. hefur haft þetta mál til athugunar, og eins og nál. ber með sér, þá hefur n. fengið upplýsingar frá dómsmrn. um það, að þessi breyt., sem gerð er með brbl. á l. nr. 23 16. júní 1941, sé fram komin vegna hörguls á bifreiðarstjórum, einkum til mjólkurflutninga. Nú lítur n. svo á, að þessi

Alþt. 1942. C. (60. löggjafarþing).

vöntun á bifreiðarstjórum muni hverfa, með því að sífellt koma fleiri og fleiri beiðnir um útlutun bifreiða til einstakra manna, sem sýnir, að til séu margir menn í landinu, sem geti stjórnað bifreiðum og tekið þær til notkunar. Það er ekki hægt að uppfylla þessar beiðnir, og þess vegna verður eðlilega að álykta, að svo margir bifreiðarstjórar verði til í nánni framtíð, að þess sé ekki þörf að láta þessi brbl. gilda lengur. Með þessum forsendum hefur n. lagt til, að við 4. gr. frv. bætist: „og gilda til ársloka 1942“. Þá hefur n. einnig lagt til, að við grein-
ina bætist: „Þó skulu þeir, sem fengið hafa ökuleyfi samkvæmt þessum l., halda þeim, þótt þeir hafi þá ekki náð aldri þeim, sem áskilinn er í 20. og 21. gr. bifreiðalaganna.“

Það er þannig lagt til, að þeir menn, sem hafa fengið ökuskirteini samkv. þessum brbl., séu ekki sviptir þeim, meðan þau gilda.

Um hitt atriðið, það að láta undan beiðnum manna um það, að unglingar, 17 ára, fái ökuleyfi, er n. sammála, að það skuli ekki gert. Hún lítur svo á, að það beri ekki undir neinum kring-
umstæðum að minnka þær kröfur, sem gerðar hafa verið til þess, að menn fái ökuleyfi sem bifreiðarstjórar, hvorki um nám né aldur, og sérstaklega með tilliti til þess óvenjulega á-
stands, sem nú er, hvað snertir umferð um vegi landsins vegna hernámsins. Vill samgmn. sér-
staklega benda á, að það sé ekki rétt af hæstv. Alþ. að taka á sig ábyrgð þá að leyfa 17 ára vanþroskuðum unglingum að fara með bifreiðar eftir vegum landsins. Flestar þessar bifreiðar eru vátryggðar fyrir 30000 kr. og upp undir 20000 kr. kaskótryggingu, þannig að hér er um verðmæti að ræða, sem nema 50000 kr., sem eru í höndum unglinga, sem ekki eru eldri en 17 ára gamlir. Það er skoðun n., að að þessu ráði beri ekki að hverfa.

Að öðru leyti skýrir nál. sig sjálf.

Fjmrh. (Jakob Möller): Ég get vel fallt á þessa brtt. hv. samgmn. Eins og ég skýrði frá við 1. umr. þessa máls, var lítið svo á í dóm-
smrn., að það hefði verið frekar fyrir tímarskort á síðasta þingi heldur en fyrir andstöðu, að samhljóða frv. þessu náði ekki fram að ganga á því þingi. Hins vegar voru meðmæli vegamála-
stjóra með þessari breyt. á l., sem brbl. fela í sér, en vegamálastjóri er ráðunautur ríkisstjórn-
arinnar í þessum málum. Og eins og hv. frsm. n. veik að, minnkar eftirspurnin eftir þessum rétt-

indum fyrir 17 ára unglunga. Hins vegar er ríkisstj. það ekkert kappmál, að þetta frv. nái gildi sem frambúðarskipulag, og getur að ýmsu leyti fallist á þau rök, sem fram hafa verið flutt af nefndinni.

Hins vegar skal ég svona frá eigin brjósti vikja að því, að þó að varasamt væri að láta ýmsa af 17 ára unglungum fá réttindi til að aka bifreiðum, þá á það náttúrlega engu síður við um menn á ýmsum öðrum aldri. Jafnvel kynni ekki síður að vera ástæða til að taka í taumana gagnvart þeim, sem komnir eru á fullorðins ár. Því að svo varasamt sem það kann að vera að treysta unglungum til að stýra bifreið í því öngþveiti, sem er á vegum landsins um akstur, þá hygg ég ekki síður ástæðu til að álita varasamt, að veita þeim ökuleyfi, sem ætla að byrja að aka bifreið, eftir að þeir eru komnir á fullorðins ár, eftir því sem reynslan hefur sýnt. Hins vegar ætti að mega herða á prófkröfunum til þess að tryggja, að ekki fái aðrir að stýra bifreið en þeir, sem fullkomlega eru færir um að leysa stjórn vörubifreiða af hendi.

En, sem sagt, ég get fallist á brtt. n. og tel þá sjálfsgagt, að ekki komi til mála framvegis að veita meiri undanþágur fram yfir það, sem l. ákveða um þetta.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 10:1 atkv.
 - 2.—3. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.
 - Brtt. 101 samþ. með 10 shlj. atkv.
 4. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.
- Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 11:1 atkv.

Á 14. fundi í Ed., 25. ágúst, var frv. tekið til 3. umr. (A. 117).

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði leyfð og samþ. með 11 shlj. atkv.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. samþ. með 11:1 atkv. og afgr. til Nd.

Á 14. fundi í Nd., s. d., skýrði forseti frá, að sér hefði borizt frv. frá Ed., eftir 3. umr. þar.

Á 15. fundi í Nd., 26. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 16. fundi í Nd., 27. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Fjmrh. (Jakob Möller): Þetta frv. er borið fram til staðfestingar á brbl. Og þó að ágreiningur kynni að vera um þau brbl., vænti ég þess, að hv. þd. samþ. að vísa þessu máli til 2. umr. og samgmn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til samgmn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið frammar.

2. Kosningar til Alþingis (breyt. á l. 18/1934).

Á 7. fundi í Ed., 14. ágúst, var útbýtt:

Frv. til l. um viðauka við l. nr. 18 25. jan. 1934, um kosningar til Alþingis (stjfrv., A. 5).

Á 8. fundi í Ed., s. d., var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Fjmrh. (Jakob Möller): Þetta frv. er í rauninni niður fallið, af því að breyt. á við síðustu kosningar og er því búið að ná þeim tilgangi, sem því var ætlað, og fer vel á því að vísa því til 2. umr. og allshn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv. og til allshn. með 9 shlj. atkv.

Á 11. fundi í Ed., 20. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 56, n. 76).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 12 shlj. atkv.

Frsm. (Hermann Jónasson): Þetta frv., sem hér liggur fyrir, er borið fram til staðfestingar á brbl. og telur allshn. rétt, að það sé samþ. Ég legg svo til fyrir hönd n., að því sé vísað til 3. umr.

ATKVGR.

1. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
 - 2.—3. gr. samþ. með 14 shlj. atkv.
- Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 13 shlj. atkv.

Frv. var ekki á dagskrá tekið frammar.

3. Orlof.

Á 3. fundi í Ed., 10. ágúst, var útbýtt:

Frv. til l. um orlof (þmfrv., A. 9).

Á 5. fundi í Ed., 12. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Við flm. þessa máls flytjum það nú í trausti þess, að Alþ. vinnist tími til að afgr. það, enda þótt þingið eigi að vera stutt. Málið var flutt á síðasta þingi, og fylgdi þá frá n., sem samdi frv., ýtarleg grg. og ýmsar upplýsingar í 5 köflum, sem má sjá í þskj.

Við teljum fulla ástæðu til, að Alþ. verði við þeirri ósk verkalyðsins að lögbinda þær till., sem hér er farið fram á, — að orlof til handa hverjum einasta verkamanni eða sjómanni, eða hvaða annað starf sem þjófélagsins inna af höndum, sem eru í þjónustu annars manns, sé

12 virkir dagar. Og samkv. 4. gr. er gert ráð fyrir, að vinnudagana sé lögð til hliðar upphæð, sem nemur 4%, sem nota skal til orlofsins. Þetta er að sjálfsögðu upphæð, sem atvinnurekandanum, hverju nafni sem nefnist, ber að greiða umfram kaupgjald og reiknast af upphæð kaupsins.

Um nauðsyn þessa skal ég ekki vera mjög margorður. En aðeins vil ég benda á, að orlof eru orðin nokkuð föst hjá fjölda mörgum stéttum í landinu. Og nú þykir ekki hlýða í Reykjavík og víðar, t. d. hjá verzlunarmönnum, að bjóða upp á minna en 12 virka daga, 14 að helgidögum meðtöldum. Ýmsar iðnstéttir eru þegar búnar að fá þessari ósk fullnægt, og til eru stéttir, sem hafa öllu rýmra orlof en hér er gert ráð fyrir. En daglaunamannastéttin í landinu hefur allt fram að þessu farið algerlega á mis við það, sem heitir orlof. (BSt: Eru það ekki fleiri stéttir?) Ég get minnst á það síðar. S. l. ár var þó í tveimur hæjum, Reykjavík og Hafnarfirði, veitt allt að 6 daga orlof fyrir 12 mánaða vinnu. Grundvöllurinn var sá, að fyrir hverja tvo mánuði er einn dagur, en hér er farið fram á einn dag fyrir hvern mánuð. Er þetta í samræmi við það, sem tíðkaðist á Norðurlöndum fyrir styrjöldina og lögfest var fyrir daglaunamenn og iðnaðarmenn. Ég er ekki í neinum vafa, að eins og nú er háttáð í landinu, er öllum verkamönnum, hverju nafni sem nefnast, nauðsyn á að taka sér þennan hvíldartíma til að lyfta sér upp frá hinu daglega stríti. Í sambandi við orlof þessi þyrfti að gefa verkamönnum kost á að sjá sitt eigið land sem best og betur en hingað til. Það væri menningarlegt atriði að ferðast eftir því, sem fé þetta hrekur til, og mundi afla mönnum viðsýnis og þekkingar á sínu eigin þjóðlífi. Verkamanninum er þetta eins nauðsynlegt og hverjum öðrum manni í þjóðfélaginu, þó að staða hans sé af sumum mönnum ekki talin eins virðuleg og ýmsar aðrar.

Það mundi vafalaust verða vel séð hjá launastéttum landsins yfirleitt, að þetta lágmark yrði lögfest og hverjum einstaklingi tryggt að þurfa ekki að ganga eftir rétti sínum bónbjargaleiðina.

Það skaut einn hv. þm. fram í, hvort ekki væru fleiri stéttir, sem ekki fengju orlof. Þar sem hann telur sig talsmann bændastéttarinnar, þykist ég vita, að hann hafi átt við hana. Nú er það svo að nafninu til, að bændur, sem reka bú, eru atvinnurekendur og sínir eigin herrar yfir því að taka sín eigin orlof. (BSt: Já, aldeilis!). En því er ekki að neita, að þetta frv. nær einnig til fólks í sveitum, sem er launþegar í einhverri mynd. Nú er það vitanlegt, að bændur hafa sem betur fer leyft sér að taka sér orlof. Við þekkjum hinar kunnu bændareiðir. Bændur að norðan hafa tekið sér orlof til Suðurlands og gagnkvæmt, sér til kynningar, fróðleiks og hressingar. Fordæmið er skapað, og ég býst við, að slíkar reiðir um landið fari í vöxt.

Ég gæti búizt við andmælum gegn till. þessa frv., ekki sízt vegna þess, að þær leggja nokkrar kvaðir á atvinnureksturinn, sem kalla má óbeina kauphækkun. En það er nú víða orðinn sá skilningur á því að njóta ofurlítið heilbrigðrar hvíldar og ánægjulegrar tilþreyingar, að ég

lýst við, að almennt verði talið tilvinnandi að leggja við þessi 4%, svo að fólkið geti snúið sér að sínum störfum með nýjum kröftum, störfum, sem það vinnur árið út og árið inn.

Ég ætla ekki að fara út í þetta frv. að öðru leyti, því að hv. þm. mun vera það kunnugt. Hvað suma verkamenn snertir er ekki um breyt. Að ræða, þar sem þeir hafa undanfarið fengið 12 daga orlof. En viðs vegar um landið hafa þeir ekki enn getað komið þessari réttmætu kröfu fram. Ég legg til, að málinu verði vísað til allshn., og vænti að málið fái afgr. frá n. og þessari hv. deild.

Steingrímur Aðalsteinsson: Ég skal ekki tefja neitt teljandi umr. um þetta mál, en lýsa aðeins yfir, að ég er fylgjandi frv. Eins og hv. flm. tók fram, er það nokkurn veginn algild venja, að það starfsfólk, sem er í fastri vinnu árið um kring og tekur mánaðarlaun, fær sumarorlof lengri eða skemmri tíma, eftir samkomulagi eða samningi við atvinnurekendur. En það, sem sérstaklega skortir á í þessu efni, er það, að verkafólk, sem ekki er í fastri vinnu, heldur vinnur þennan dag hjá þessum og hinn daginn hjá öðrum, það hefur ekki af þeim sökum fengið neitt orlof eða sumarfrí. Nú er með þessu frv. gert ráð fyrir að gera tilraun til þess að veita þessu fólki sams konar aðstöðu eða svipaða til þess að fá sumarfrí. Og ég álit það spor í rétta átt.

Það má vel vera, að ef þetta frv. verður samþ. og til framkvæmdanna kemur, þá komi í ljós ýmsir agnár að framkvæma það. En ég vil vona samt sem áður, að það verði grundvöllur þess, að fólk almennt fái sumarleyfi. Þess vegna fylgi ég frv., og vænti, að ég megi segja, að þingflokkur Sósíalístaflokksins í heild muni veita því brautargengi hér á þingi.

Bjarni Benediktsson: Um það verður ekki deilt, að þeir, sem eru í stöðugri vinnu allt árið, eiga rétt á orlofi, og er það ekki síður í þágu vinnuveitanda en verkamanna sjálfra. Má segja, að undanfarin ár hafi svo verið háttáð í atvinnumálum okkar, að verkamenn hafi fengið sitt frí með öðrum hætti, ef frí skyldi kalla, sem sé fyrir tilstilli atvinnuleysisins. En hvar í flokki sem við stöndum, getum við verið sammála um það, að atvinnuleysi hafi verið einn svartasti bletturinn á atvinnumálum okkar árin fyrir stríðið, og að það hljóti að verða eitt helzta viðfangsefnið eftir stríðið að útrýma því. Menn getur greint á um það, hvernig þetta eigi að gera, en um hitt verður ekki deilt, að það er þjóðar nauðsyn. En þrátt fyrir nauðungarfrí það, sem ég nefndi áðan, hljóta allir að verða sammála um það, að sanngjarnt er, að vinnandi menn hafi frí í hlutfalli við þann tíma, sem þeir hafa unnið á sama stað, og geta ekki verið skiptar skoðanir um, að greiða beri fyrir því, að slíkt orlof komist á. Það hefur lengi tíðkast hjá ýmsum stéttum, að þær fengju slíkt orlof, en hjá öðrum stéttum og þá líka verkamönnum hefur þetta verið að komast á smám saman. Mér er kunnugt um, að verkamenn, sem unnið hafa hjá Reykjavíkurbæ, hafa fengið sumarfrí síðan 1937, þó að það hafi verið nokkru skemmra en það,

sem hér er gert ráð fyrir, og hefur þetta gefið góða raun. Og eins og hv. aðalflm. drap á, hafa ákvæði um slík orlof komið inn í samninga Dagsbrúar og Hlifar við atvinnurekendur. En þrátt fyrir þá aðferð, sem höfð hefur verið um þetta hingað til, er ekki vafi á því, að þörf er allsherjar löggjafar, ekki sízt vegna þess, að nauðsynlegt er, að sömu reglur gildi um þetta í öllum héruðum landsins. En það getur ekki orðið á annan hátt en þennan, nema því aðeins að Alþýðusambandið semdi um þetta við atvinnurekendur, en þá er þess að gæta, að ekki eru allir atvinnurekendur í atvinnurekendasambandinu, og eru því ekki líkur til, að slíkir samningar kæmu brátt. Því fagna ég þessu frv. og fellst á efni þess. Ég get að visu ekki dæmt um það, hvort tími muni vinnast til að afgreiða það á þessu þingi, og ég hef ekki getað kynnt mér frv. til fullnustu, en við fljótlegan yfirllestur virðist mér fyrirkomulagið vera nokkuð líkt því, sem gert er ráð fyrir í frv. Þó áskil ég mér rétt til að athuga það nánar, og mun ég því ekki að þessu sinni ræða einstök atriði málsins. En ég vil hér með lýsa ánægju minni með málið og fullum stuðningi við slíka löggjöf.

Gísl Jónsson: Herra forseti. — Ég leyfi mér að lýsa fylgi mínu við málið í heild, því að það er ljóst af reynslunni, að sumarfrí starfsfólks er til hagsbóta fyrir vinnuveitendur ekki síður en vinnuþiggjendur. En ég vek athygli á, að nauðsynlegt er að gera greinarmun á því, hvort slíkt orlof kæmi fram sem raunverulegt frí þeirra, sem eiga að njóta þess, eða þeir nota sér það til kauphækkunar. Ég veit til þess, að menn hafa notað leyfistíma sinn til þess að hækka laun sín í stað þess að nota hann sér til heilsubótar, en atvinnurekendur telja hins vegar miklu skipta, að starfsmenn noti fríið.

Þá vil ég spyrja hv. aðalflm., hvort hann hafi athugað, hvaða stétt í landinu muni einna helst þurfa á þessu orlofi að halda, en það eru að mínum dómi konur verkamanna, sem vinna ekki 12—14 klukkustundir á dag, heldur 18—20 stundir. Og svo er önnur stétt, sem ég held, að hv. 9. landsk. sé ekki nógu kunnugur, en það eru bændur. Það er rangt að segja, að þessir menn séu atvinnurekendur, því að þeir eru oft ekkert annað en verst launuðu verkamennirnir í landinu. Þeir væru ekki að yfirgefa býli sín og leiða sér atvinnu til bæjunum, eins og oft á sér stað, ef þeir héldu ekki, að þeir væru að skapa sér betri lífskjör með því. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða, og ég held, að það verði engan veginn leyst með því að tryggja einni stétt frí, en ekki annarri, sem hefur þess þó enn meiri þörf, ef miðað er við almenna heilsuvernd og mannréttindi. Ég vil því leyfa mér að skjóta því hér fram til athugunar, hvort ekki muni vera hægt að gera eitthvað til að tryggja það, að þessar stéttir verði ekki útundan.

Flm. (Sigurjón Á. Ólafsson): Ég finn ástæðu til að þakka þeim hv. þm., sem tekið hafa til máls um þetta, undirtektir þeirra. Þær gefa mér hjartar vonir um, að málið geti hlotið afgreiðslu á þessu þingi. Ég finn ekki ástæðu til að andmæla

neinu í ræðum þeirra, en út af því, sem hv. þm. Barð. sagði, skal ég taka það fram, að ég er sammála honum um það, að sú stétt, sem hann nefndi fyrst, konur verkamanna, á ef til vill fylltan rétt á orlofi, þó að ég sé hræddur um, að erfitt verði að koma ákvæðum um það inn í þetta frv., því að það er byggt á þeirri meginhugsun, að launþegar tuki orlofið fyrir sitt strit og kostnaður við það sé greiddur af atvinnurekendum. Og mikið af þessu fólki er vitanlega konur. Hins vegar er mikill hluti kvenna húsmæður, og er vitanlega full ástæða til, að þeim sé veitt orlof af þjóðfélags hálfu. Hv. þm. tæpti á því, að þetta gæti heyrt undir heilsuvernd, og höfum við Alþflm. menn gert till. um slíkt hér á Alþ. Hins vegar býst ég ekki við, að það sé á færi okkar í allshn. að fara að gerbreyta svo þessu frv., að hægt sé að láta það ná til fólks, sem heyrir ekki til launþegastéttum. En ég vona, að það verði eitt af verkefnum hins íslenska menningarþjóðfélags að sjá svo um, að konum verði veitt frí frá þeirri þrælkun, sem þær eiga margar hverjar við að búa.

Um bændur er það að segja, að það er hverju orði sannara, að þeir, sem eru einyrkjar, vinna oft nótt með degi. En það er hæpið að koma ákvæðum um orlof þeim til handa inn í þetta frv., þar sem þeir teljast ekki launþegar. Það verður því að finna aðrar leiðir til þess að tryggja það, að þeir geti notið nokkurs orlofs og hvíldar.

Að lokum minnst hv. þm. á, að það væri ekki aðeins nauðsynlegt frá sjónarmiði verkamannsins sjálfs, að hann tæki sér orlof, heldur einnig frá sjónarmiði atvinnurekandans, og væri því nauðsynlegt að hafa einhverja tryggingu fyrir því, að þeir menn, sem fengju orlof, notuðu það sér til heilsubótar. Þetta er rétt, og ætlumst við til þess, að þetta sé tryggt, enda eru beinlínis sett viti við því, ef orlofið er ekki notað eins og ráð er fyrir gert.

Ég sé svo ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en þakka þær viðtökur, sem frv. hefur hlotið.

Eiríkur Einarsson: Ég get tekið í streng með þeim mönnum, en hér hafa talað um nauðsyn þessa máls. En það, sem olli því, að ég reis úr sæti mínu, var það, að ég vildi vekja athygli n. þeirrar, er fær málið til meðferðar, á því, að eitt atriði í starfsafstöðu vinnuveitenda og vinnuþiggjenda er ekki tekið hér til greina, eins og nauðsynlegt væri. Ég á hér við afstöðu milli hjúa og húsbænda í sveitum. Það hefur verið tekið hér fram af fullum skilningi, að sveitakonunni sé full nauðsyn á orlofi, og unna henni allir þess. En víða í sveitum hagar svo til, að kona er ein með stóran barnahóp og hefur ef til vill eina vinnustúlku sér til hjálar. Þessari einu vinnustúlku er nú ekki síður þörf hvíldar og hressingar en öðrum, en oft getur staðið svo á, að heimilið kæmist í mestu vandræði, ef hún yfirgæfi það. Svipað getur átt við um vinnumann á sveitaheimili með hliðsjón til húsbóndans. Þetta segi ég ekki af því, að ég unni ekki þessu fólki orlofs. Það er ósköp elskulegt til þess að hugsa, að allur landslýður gæti átt þess kost að njóta slíks frelsis. En ég vildi aðeins benda

á það, að nauðsynlegt er að samræma þessa löggjöf svo, að hvergi brjóti í bága við þær höfundnaúsynjar, sem fyrir hendi eru, án þess ég vilji þó á nokkurn hátt trufla tilgang frv.

ATKVGR.

Fr. vísar til 2. umr. með 10 shlj. atkv. og til allshn. með 10 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

4. Launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins (frv. HG og SÁÓ).

Á 3. fundi í Sp., 7. ágúst, var útbýtt frá Ed.:
Fr. til 1. um viðauka við l. 48/1942, um verðlagsuppbót á laun embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana (þmfrv., A. 11).

Á 5. fundi í Ed., 12. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Samkvæmt þessu frv. er gert ráð fyrir því, að ríkisstj. skuli greiða 25% uppbætur á útborguð laun embættismanna og starfsmanna ríkisins. En útborguð laun eru þau laun, sem greidd eru á hverjum tíma, samanlögð grunnlaun og verðlagsuppbót, og ef í þeim tilfellum er um að ræða gamla dýrtiðaruppbót, er hún einnig talin með. Þó er ekki gert ráð fyrir því, að þessi uppbót verði greidd á hærri laun en 12 þús. kr. árslaun. Ég skal taka það fram, að í mínum augum er það ekkert aðalatriði, hvort miðað verður við 25% eða einhverja aðra upphæð. Ég get fyrir mitt leyti fallið á það, að upphæðin verði mismunandi eftir því, hvar launastadurinn er. Í þessu sambandi mætti hugsa sér, að farið yrði eftir vissum launastiga. Það, að ég hef gert ráð fyrir 25%, stafar af því, að það mun vera nærri þeirri hækkun, sem almennt er komin á hjá iðnaðarstéttum, sem hafa sambærileg launakjör við þá starfsmenn, sem hér um ræðir. — Í þessu frv. er það ekki ákvæðið, hvað lengi l. skuli gilda, heldur er gert ráð fyrir því, að þessi ákvæði gildi þangað til endurskoðun launaganna hefur farið fram. Það mun almennt vera lítið á þetta mál sem sjálfsgæða lagfæringu á launakjörum opinberra starfsmanna, það þarf því ekki að eyða mörgum orðum að því, hve réttlátar kröfur þessara starfsmanna eru. Þær launahækkunar, sem orðið hafa á þessu ári hjá fjölmörgum launastéttum í landinu, hafa gert það ósamræmi, sem fyrir var, enn tilfinnanlegra en áður. Sú hætta vofir yfir, að þeir af starfsmönnum hins opinbera, sem flestar leiðir eru opnar, hverfi úr opinberri þjónustu og leiti til annarra starfsgreina, sem betur eru launaðar. Það liggur því í augum uppi, hvílikur voði væri á ferðum, ef

þeir menn, sem best eru nýttir til starfa hjá hinu opinbera, hyrfu burtu úr opinberri þjónustu. Auk þess er það alveg viðurkennt, að launakjör mikils þorra þessara embættismanna eru svo léleg, að þeir geta tæpast lifað af þeim, nema með því móti að stunda aukavinnu, en það má hverjum manni ljóst vera, að slíkt eru óviðunandi launakjör.

Ég skal geta þess, að ég tel alveg sjálfsgætt, ef þetta frv. verður samþ., að það verði einnig látið ná til þeirra manna, sem laun taka hjá eftirlauna- og lífeyrissjóði barnakennara. Alb. hefur áður viðurkennt, að sjálfsgætt sé að veita dýrtiðaruppbót á þessi laun.

Ég geri ráð fyrir, að Tryggingarstofnun ríkisins mundi þá leggja til við ríkisstj., að hámarkið, sem nú er sett fyrir framlagi til örorkubóta á einstakling, sem tryggingarstofnunin tekur þátt í að greiða, verði einnig hækkað í svipuðu hlutfalli. Ég vil geta þess, að í Nd. er flutt af tveimur þm. frv. í sömu átt og þetta. Og ég teldi æskilegt, að n. beggja d. hefðu samráð um afgreiðslu málsins, þannig að ekki þyrfti að teftja, þótt tvö mál væru á ferð sitt í hvorri d.

Brynjólfur Bjarnason: Ég vil taka undir það með hv. þm. Seyðf., að nauðsyn ber til þess, að n. beggja d. hafi með sér samvinnu, til þess að það gæti orðið eitthvert samkomulag um sameiningu á till., sem fluttar eru í þessum frv. báðum.

En viðvíkjandi því, hverja nauðsyn ber til að hækka laun opinberra starfsmanna, þá er ég á því, að það allra minnsta, sem hægt er að láta sér detta í hug, að nægi, sé 30%. Það er kunnugt, að launakjör sumra lægst launuðu opinberra starfsmanna eru mjög bágborin og meira að segja óviðunandi fyrir stríð, t. d. laun barnakennara. Eins er það kunnugt, að ýmsir starfsmenn ríkisins, sem ekki er hægt að komast af án og vinna þjóðnauðsynlegt starf, eru svo lágt launaðir, að þessi fyrirtæki eru óstarfhæf. Það kann vel að vera, að 25% sé sambærilegt við þá grunnkaupshækkun, sem ýmsir hafa fengið. En þá verður að geta þess, að þessir opinberu starfsmenn hafa ekki fengið þá tekjuaukningu, sem felst í miklu meiri vinnu, sem iðnaðarmenn og aðrir verkamenn hafa, heldur en fyrir stríð. Auk þess er grunnkaupshækkunin miklu meiri en 25% hjá mörgum iðnaðarmönnum, t. d. járnsmiðum, sem hafa fengið allsherjar 25% hækkun í ofanálág við hækkun á grunnkaupi í vetur. Og ég geri ráð fyrir, að ef almennir samningar takast um launahækkun, þá verði það víðar, sem grunnkaupshækkunin verður meiri en 25%, a. m. k. hjá þeim, sem eru sambærilegir við þessa starfsmenn.

Vegna þess, hve mikil er nauðsyn þess að hækka verulega kaup þeirra lægst launuðu, finnst mér eðlilegt, að gerður verði talsvert mikill munur á kaupuppbót þeirra og hinna, sem eru hærri launaðir. Og það er ósköp auðvelt að koma því þannig fyrir, að ekki þurfi að verða neinn árekstur, eins og hv. þm. Seyðf. talaði um, að gæti átt sér stað, t. d. að þeir, sem eru í lægri launaflokki, kæmu upp fyrir hina. Í frv., sem liggur fyrir Nd., getur þetta ekki komið

fyrir, því að þar er ákveðið, að launauppbótin sé 30% upp að 6 þús. kr., síðan lægri uppbót á það, sem fram yfir er, allt upp í 9 þús. kr., þannig að í engum kringumstæðum getur komið til mála, að menn, sem eru í lægri launaflokki, komist upp fyrir þá, sem eru í hærri launaflokki.

Hermann Jónasson: Ég ætla ekki að ræða mikið um þetta mál. Það hefur ekki verið tekin nein afstaða í Framsfl. til þessara till. tveggja, sem fram hafa komið um hækkun á launum embættismanna. Ég sakna þess gera við á ekki að heyra neitt frá ríkisstj. um þetta mál og að hún skuli ekki vera viðstödd. Því að 20—30% hækkun á laun embættismanna er ekkert smámál, það skuli menn gera þess ljóst. Framan af þessari styrjöld hefur verið farið illa með embættismenn, og þingið hefur gert það vegna þeirrar stjórnmalastefnu, sem átti þá að vera almenn, að halda niðri dýrtíðinni. Var því fylgt þeirri reglu að draga af launum þeirra, eins og lengst af gilti gagnvart öðrum stéttum, svo sem Alp. er kunnugt og ekki þarf hér að rekja.

En það, sem ég vildi heyra frá hæstv. ríkisstj., er það, hvort ekki hafi verið tekið til almennrar athugunar að breyta launal. og raun-saka málið í heild, sem oft var rætt um í fyrrv. ríkisstj. og óskað eftir af hálfu okkar fram-sóknarmanna í stj. Það verður náttúrlega lítið sagt með vissu um, hvert horfir nú, en eftir útlitinu í dag lízt mér svo á, að í raun og veru sé sá stórgróðatími, sem hér er verið að tala um í þessum till., liðinn hjá. Mér virðist, að því miður geti svo farið áður en langt líður, að erfiðleikar byrji fyrir framleiðsluna. Ég get ekki annað séð en þegar skornir verða niður að-flutningsmöguleikar okkar um helming frá 1. september, ef ekki tekst að fá Bandaríkjustj. til að hverfa frá þeirri ákvörðun, þá skorti hrá-efni til framkvæmda. Og þá er ekki í nema tvö hús að vanda fyrir þá, sem vantar vinnu, til hins opinbera og til aðalatvinnuveganna. Og verðlag er nú þegar orðið svo hátt, að atvinnuvegam, sem bezt hafa borið sig, er nóg boðið. Þætti mér ekki ólíklegt, að á næsta ári yrðu verulegir erfið-leikar að framleiða í ýmsum atvinnugreinum. Það gæti þess vegna farið svo, að sá áhali, sem verið hefur milli ýmissa stétta og opinberra starfsmanna, sem venjulega hafa verið illa laun-aðir, en voru þó ekki verr settir en framleiðslu-menn fyrir stríð, sé nú í raun og veru að hverfa, þegar við erum að gera þessa breyt. með æði mikilli hjartsýni. Þetta launamál embættismanna allt í heild þarf því athugunar við, en ekki, að við göngum þannig frá því, að einn þm. stingi upp á 25%, annar við hliðina á honum 30%, — og sennilega einhver þar næstur 35%.

Flm. (Haraldur Guðmundsson): Án þess að taka að mér að svara fyrir hæstv. stj., vil ég segja það út af því, sem hv. þm. Str. sagði, að ég álit alveg ógerlegt að láta leiðréttingu á kjör-um embættismanna og sýslunarmanna ríkisins biða eftir, að lokið sé heildarathugun á launa-kjörum embættis- og starfsmanna yfirleitt. Það hefur lengi verið á döfinni. Ef einhver athugun hefur þegar verið gerð, er henni ekki svo langt

komið, að ekki þurfi langan tíma enn, og engar líkur til niðurstöðu fyrr en á næsta ári. (**HermJ:** Hefur þm. athugað, hvað þetta eru margar millj-ónir?). Það er ekki svo auðvelt að segja, — fer eftir því, hvað dýrtíðin vex og vísitalan verður. En gera má ráð fyrir, að það verði varla undir 14—1500 þús. kr., miðað við till., sem hér er um að ræða. (**HermJ:** Ég held það sé meira.) Ég hef ekki nákvæmar tölur tiltækar. En aðalatriðið er það, að ég tel ógerlegt, eins og þessu máli er komið, að biða eftir niðurstöðu í launamálunum almenn.

ATKVGR.

Fr. vísad til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til fjhn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dag-skrá tekið fram.

5. Framfærslulög.

Á 4. fundi í Ed., 11. ágúst, var útbýtt:
Fr. til l. um breyt. á framfærslulögum, nr. 52 12. febr. 1940 (þmfrv., A. 22).

Á 6. fundi í Ed., 13. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Brynjólfur Bjarnason): Árið 1939 var gerð mikil breyt. á framfærslul. Ein breyt. var á 51. gr., sem fjallar um vinnuskyldu fram-færsluþurfa. Þetta frv. er flutt til þess eins að fá þessari gr. breytt. Ég hef áður oftan en einu sinni flutt hér í d. frv. um mjög ýtarlegar breyt. á framfærslul. í heild. En ég hef ekki viljað það á þessu þingi, sem er ætlað að vera stutt. Hef ég því látið mér nægja að flytja till. um þessa gr., að ákvæðið um hjargráðan. verði fellt niður. Ég álit þessa breyt. ekki þurfa að valda miklum heilabrotum, vera svo sjálfsagða, og þar að auki sé þetta hlutur, sem þoli enga bið. Gr. var sett inn 1939 samtímis því, að hjargráðan. var sett, og lagaákvæði um hana var sett sem bráðabirgða-ákvæði í framfærslul. Tilgangurinn með þessum samhliða verkefnum, sem hjargráðan. átti að hafa, var ekki annað en það að nota sér neyð styrkþega til þess að fá þarna ódýrt vinnuafn. og eftir því, sem kostur er til, að þrýsta niður kaup. Þetta var á tímum „höggormsins“, og þetta ákvæði var ekki annað en einn höggorms-unginn. Nú er ástandið svo gerbreytt frá því, sem þá var, að það er ekki hægt að beita vinnu-færa menn slíki kúgun sem þá var til ætlazt. Þessi lagagr. hefur því fyrst og fremst gildi sem minnisvarði yfir stefnu afturhaldsins, þegar hún var í mestum algleymingi 1939, og ég tel engum sóma að því, að sá minnisvarði standi lengur.

Ef þetta ákvæði er látið haldast áfram, er ekki hægt að skilja það öðruvísi en yfirlýsingu Alp. um það, að svona kúgunarráðstöfunum sé beitt aftur, þegar tækifæri gefst til,

Hér í þessari brtt. okkar er lagt til, að þessi 51. gr. sé færð í það horf, að sveitarstjórnun sé skylt að sjá vinnufærum styrkþegum fyrir viðunanlegri vinnu, eftir því sem unnt er, og enn fremur, að styrkþega sé skylt að taka þessari vinnu, svo framarlega sem hann hafi ekki frambærilegar ástæður, sem hér eru taldar. Í fyrsta lagi, að hann þoli ekki vinnuna samkv. læknisvottorði. Eins og nú er, duga ekki læknisvottorð, aðeins geðþótti sveitarstjórnanna. Í öðru lagi nær það ekki nokkurri átt að láta vinnufæran mann fara í annað landshorn, ef svo stendur á, að veikindi eru heima hjá honum, t. d. á barnmörgu heimili að reka þá heimilisföðurinn á annað landshorn. Það er slík harðýðgi, að ekki getur komið til mála að leyfa það í 1. í 3. lagi, að vinnan sé ekki í hans fagi. Í 4. lagi, að atvinnan sé léleg og skammvinn og nægi ekki til lífsframarfæris, en gæti orðið til þess, að hann yrði af betri vinnu annars staðar.

Það eru satt að segja ákaflega mörg dæmi til þess, að þetta ákvæði um vald sveitarstj. yfir styrkþegum hefur beinlínis verið notað þannig, að styrkþegar hafa verið settir í vinnu, sem hefur haft af þeim aðra betri vinnu, — eins eða tveggja daga vinnu í nágrenni bæjarins á þeim tíma, þegar maðurinn hafði beztu möguleika til að fá t. d. margra daga vinnu við uppskipun hér við höfnina. Allir, sem kunnugir eru Rvík, þekkja þessa mýmörg dæmi.

Ég sé nú ekki, að aðrar reglur um vinnu styrkþega en þessar geti komið til greina, þ. e. a. s., ef á að líta á styrkþegana sem frjálsa menn, en ekki sem þræla. Ég vil svo mælast til, að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og n., og reynt að hraða afgr. þess sem mest.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 12 shlj. atkv. og til allshn. með 12 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dag-skrá tekið framár.

6. Notkun byggingarefnis.

Á 13. fundi í Ed., 24. ágúst, var útbýtt:

Fr. til 1. um notkun byggingarefnis (þmfrv., A. 102).

Á sama fundi var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 10 shlj. atkv.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Ég hef leyft mér að flytja þetta frv. um notkun byggingarefnis. Ástæðan til þess, að það er flutt, er, að ekki verður um það deilt, að því byggingarefni, sem til landsins hefur komið, hefur verið ráðstafað að verulegu leyti öðruvísi heldur en hyggilegt má telja á þeim tímum, sem nú eru. Hins vegar fæst ekkert byggingarefni flutt til landsins nema fyrir opinbera íhlutun, og að ýmsu leyti eru

neyðartímar, sem yfir landið ganga nú, sérstaklega um húsnæðismál. Er því full ástæða til þess, að hið opinbera hafi íhlutun um það, hvernig þessu byggingarefni er varið. Má að visu segja, að við úthlutun innflutningsleyfa megi binda leyfin vissum skilyrðum um það, hvernig byggingarefnið skuli notað. En bæði er það, að það mundi ekki ná til þess byggingarefnis, sem þegar er búið að flytja inn, og svo líka hitt, að það er óeðlilegt að binda leyfin í upphafi til innflytjenda þessum skilyrðum. Enda mun reyndin hafa orðið sú, að það eftirlit, sem á þennan hátt hefur fengið, mun ekki hafa komið að gagni.

Eina mótbáran, sem ég get hugsað, að fram komi gagnvart frv. þessu, er, að slík l., sem þetta frv. miðar að, séu okkuð seint sett og nú séu horfur á því, að byggingarefni muni síður flytjast til landsins heldur en áður, og að meira gagn hefði orðið að l., ef þau hefðu verið sett fyrr. Þetta er eflaust rétt. En þeir, sem þessum málum eru kunnugir, telja óhjákvæmilegt að setja l. um þetta, og betra er seint en aldrei. Ég hygg því, að sú mótbára ætti ekki að verða til þess að draga úr því, að þessi l. verði sett, heldur leiði hún til þess, að þau verði samþ. sem fyrst. Ég tel fulla ástæðu til þess að setja þessi l., og sérstaklega með tilliti til húsnæðisvand-ræðanna hér í Rvík til ég brýna nauðsyn þess, að þetta frv. verði samþ. strax á þessu þingi, sem nú situr. Ég tel þó eðlilegt, að málið gangi til n., og vil ég leyfa mér að leggja til, að því verði að lokinni umr. vísað til allshn.

Haraldur Guðmundsson: Ég er sammála hv. flm. frv. um það, að það sé fullkomin þörf á aðgerðum í þessu efni, bæði með tilliti til liðins tíma og þó sérstaklega, þegar liðið er til hinna versnandi flutningamöguleika til landsins.

Ég vil benda þeirri n., sem fær frv. til at-hugunar, að ég tel æskilegt, að um leið og þingið afgreiðir svona l., þá væri í þeim nokkur vís-bending höfð um það, hver notkun byggingar-efnis þætti mest aðkallandi og hvaða nauðsynja ætti fyrst og fremst að taka tillit til. Í svona tilfelli er ekki hægt að setja nánari reglur í l., þær held ég, að verði að setja síðar í samráði við bæjar- og sveitarstjórnir. En vísbendingu vildi ég hafa í l. um þetta.

ATKVGR.

Fr. vísað til 2. umr. með 11 shlj. atkv. og til allshn. með 11 shlj. atkv.

Á 15. fundi í Ed., 26. ágúst, var frv. tekið til 2. umr. (A. 102, n. 122).

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði leyfð og samþ. með 13 shlj. atkv.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): N. hefur orðið sammála um að mæla með þessu frv. að megin-efni til og hefur jafnframt fallið á það að gera tvær brtt. við frv., 1. og 2. gr. þess. Brtt. við 1. gr. má segja, að sé frekar orðabreyt. Þar stendur nú „tímurs, sements og steypustyrktarjárns“ í upptalningu byggingarefnisins, sem setja eigi reglur um notkun á, en við leggjum til, að þetta

orðist svo: „allra aðaltegunda byggingarefnis, svo sem timburs, sements, steypustyrktarjárns, þakjárns, pappa, hitunartækja og röra til hvers konar lagna innan húss og utan“. Þetta er ekki alveg nógu ljóst í frv., eins og það er orðað. Þessi upptalning er aðeins dæmi, og var talið heppilegt og þarft að bæta nokkrum við, sem sérstök ástæða þótti til að geta um í þessu sambandi. En ef takmörkuð er notkun á þeim byggingarefnum, sem hér eru talin, þá skiptir það litlu máli, hvort slíkar takmarkanir ná til annarra tegunda byggingarefnis, og því er ekki þörf á að taka þær með í upptalninguna. Því að það gagnar mönnum ekkert, þó að þeir fái minni háttar efni til bygginga, ef þeir fá ekki megin-efnið, sem til þeirra þarf.

Brtt. við 2. gr. frv. er meira en orðalagsbreyt. Það er líka nauðsynleg breyt. Þar er gert ráð fyrir því í frvgr., að það séu tveir menn í n. þeirri, er úrskurði um notkun byggingarefnis, og að úrskurður þeirra sé fullnaðarúrskurður. En í frv. vantar ákvæði um það, hver eigi að skera úr um notkun byggingarefnis, ef þessa tvo nm. greinir á. Við leggjum til í brtt., að ef þá greinir á, skeri ráðh. úr. Annars er þeirra úrskurður fullnaðarúrskurður.

Ég vona, að hv. þd. fallist á brtt. og frv. að þeim samþ. Einn nefndarmaður hafði að vísu fyrirvara um það, að hann áskildi sér rétt til þess að flytja brtt. eða verða með brtt., ef fram kynnu að koma. Ég get sagt það sama um okkur, formann n. og mig, að við erum óbundnir gagnvart öðrum brtt., ef fram koma, svo fram-arlaga sem þær haggja ekki meginþilgangi frv.

En viðvikjandi því, sem hv. þm. Seyðf. (HG) drap á við fyrri umr., að það kynni að vera ástæða til að setja inn í frv. nánari fyrirmæli um það, hvaða byggingar skyldu ganga fyrir, þá er náttúrulega ákaflega erfitt að kveða á um það með almennum reglum, vegna þess að staðhættir eru mjög mismunandi, og verður nokkuð að fara eftir þeim. Vitanlegt er, að frv. er fyrst og fremst flutt vegna húsnæðisvandráða hér í bænum, og er því sjálfsgagt, að íbúðarhús gangi fyrir, þegar ákveðið verður hér um það, hvornig byggingarefni skuli notað, og þá einkum þau íbúðarhús, þar sem flestir íbúar geta rúmast með sem minnstri óþarfri eyðslu á húsrúmi. Vitanlega verður svo að byggja yfir atvinnufyrirtæki. En það, sem við sérstaklega höfum hugsað okkur, að verði hindrað með þessari löggjöf, er, að allt of stór einbýlishús verði reist á þessum tíma, og líka, að með öllu verði stöðvuð sala á efni til sumarbústaðabygginga og annars slíks, sem bíða má betri tíma. Það er vitanlegt, að frv. er flutt í þessum þilgangi, og ég tel ekki til bóta að taka þetta fram í l. En þetta hlýtur að verða leiðarstjarnan, sem eftir verður farið í framkvæmd þessara l., ef frv. verður að l. Og ég vil vænta þess, að hv. þd. geti fallizt á að samþykkja frv.

Gísli Jónsson: Herra forseti. — Ég vildi leyfa mér að gera fyrirspurn út af þessu frv. til flm., hvornig í raun og veru ber að skilja l. gr. og þá heimild, sem bæjar- og sveitarfélögum er gefin með þessum l. Nú er vitað, að ákaflega

mikið af þessu byggingarefni er flutt til Reykjavíkur. Er þá ekki hættulega gengið á rétt dreifbýlisins, ef það byggingarefni kemur undir ákvæði þessara l., þannig að bæjarstjórn Reykjavíkur eigi að ákveða um það, hvornig þessu byggingarefni skuli varið? Verður þá ekki hætt á, að þeir menn, sem þurfa að sækja byggingarefni sitt hingað og hafa sótt það hingað til Reykjavíkur, en eiga heima úti á landi, beri skarðan hlut frá borði við framkvæmd þessara l., ef n. frá bæjarstjórn á að úthluta þessu efni? Þetta má að vísu fyrirbyggja með reglugerð. En því ber ekki að neita, að reynslan hefur sýnt, að það er svo um ákaflega mikið af járnvörum t. d. og fleiri vörum, að þær er ekki hægt að flytja á þessum tíma í smásendingum beint til verzlunarstaða úti um land, heldur verða vörurnar mjög oft að fara til Reykjavíkur fyrst til þess svo að dreifast héðan út um landið. Ég vil vita, hvort hugsað hefur verið fyrir þessu þannig, að þessi löggjöf verði ekki til að torvelda þeim að fá byggingarefni, sem þannig verða að fá vörur til sín fluttar eða fá þær að öðrum kosti ekki á þessum tímum.

Hermann Jónsson: Það er boðað í nál., að ég áskilji mér rétt til þess að vera með brtt., sem fram kynnu að koma, eða bera fram brtt. við frv., en jafnframt er tekið fram í nál., að ég sé eins og hinir nm. samþykkur þeirri meginhugsun, að eðlilegt sé, að byggingarefni sé á einhvern hátt skammtað. En eins og hv. frsm. (BBen) tók fram, er þetta frv. frá hans sjónarmiði flutt með sérstöku tilliti til þess, að erfiðleikar eru nú með byggingarefni hér í Rvík, og finna menn hér að sjálfsögðu mest, hvar skórin kreppir að í því efni. Ég vil ekki við þessa umr. fara sérstaklega inn á þá ágalla, sem ég tel vera á frv., eins og það nú liggur fyrir, heldur vil ég eingöngu skýra frá því, að ég mun við 3. umr. málsins koma fram með brtt. við frv., og það með sérstöku tilliti til þess, að svo er ráð fyrir gert í l. gr., að „ef bæjar- eða sveitarstjórn óskar þess, skal ráðherra sá, sem fer með verzlunarmál, setja reglur um notkun allra aðaltegunda byggingarefnis ...“ En eins og vitað er, flyzt byggingarefni fyrst og fremst til Reykjavíkur og hinna stærri kaupstaða. Þetta ákvæði í frv. gæti þess vegna leitt til þess, ef ekki er sérstaklega komið í veg fyrir það með nánari reglum, sem um það væru settar, að byggingarefnið, sem til kaupstaðanna flyzt, verði tekið til nota fyrir þá kaupstaði, en sveitirnar fái ekki byggingarefni. Og það er ákaflega hætt við þessu, þegar þess er gætt, hvornig á að skipa þá n., sem með þessi mál á að fara. Ég held þess vegna, að það væri eðlilegra að kveða svo á í þessum l., að ráðh. setji um þetta sérstakar reglur, sem yrði einhver leiðarvísir um það, hvornig ákvæði þessara l. eigi að framkvæma. Með því, sem hér er gert ráð fyrir, komumst við inn á þá leið auk þeirra ágalla, sem ég henti á og hv. þm. Barð. (GJ) hefur líka bent á, að ráðh. þyrfti að skipta sér mikið af ákvörðunum um það, hverjum ætti að úthluta byggingarefni. Og það er alltaf óþægilegt fyrir ráðh. að þurfa að standa í því. Hins vegar, ef settar eru um

þetta almennar reglur og það er falið einhverri stofnun ríkisins að ákveða um þessa úthlutun, t. d. skömmtunarskrifstofu ríkisins, þá mundi það geta fyrirbyggt, að byggingarefni stöðvist í kaupstöðunum og dreifbýlið fái ekki notið þess. Því að það er svo samkv. 2. gr. frv., að bæjarfélagið á að tilnefna mann í þessa n. og dreifbýlið hefur engan sérstakan fulltrúa í þessari n. Það má benda á það í þessu sambandi — og það var upplýst af einum embættismanni — að það er næstum ómögulegt nú að fá nokkra tegund byggingarefnis á Vestfjörðum. Það er svo t. d. í Strandasýslu. Og það er svo á ýmsum stöðum úti um allt land. Það er vegna þess, að skipi, sem átti að flytja byggingarefni, sem dreifbýlið átti að nota, var sökk. En nú er hins vegar byggingarefni komið hingað, sem átti að fara hingað til Reykjavíkur. Og þó að skortur sé mikill á byggingarefni hér í bænum, þá er skorturinn á því í dreifbýlinu nú sem stendur miklu meir aðkallandi. En samkvæmt 1. þessum, ef frv. verður samþ. eins og það er, og reglugerð, sem eftir því væri sett, er hugsanlegt, að það byggingarefni stöðvist hér, sem á að fara út á land, en er skipað hér upp í Rvík. En víða eru hrein vandráði úti um land vegna skorts á byggingarefni.

Ég er með því að vísa þessu frv. til 3. umr. með þessu móti, að ég boða brtt., sem ég mun flytja við það, en ætla ekki að ræða málið nánar nú.

Fram. (Bjarni Benediktsson): Ég get út af fyrir sig ákaflega vel skilið þær aths., sem hér eru komnar fram. Og ég hafði vitanlega hugleitt það, þegar ég bar frv. fram í þessari mynd, hvort með þessu yrði hallað á sveitirnar eða kaupstaðina og kaupþúnin úti um land. Og ég hugði, að það mundi ekki verða, þó að það sé rétt, að menn hér viti bezt, hvar skórinn kreppir að í Rvík, og getur verið, að frv. sé nokkuð miðað við það. En ég er fús til að ræða um breyt. á frv., sem gætu orðið til bóta. Mig furðar nokkuð á því, að hv. þm. Str. (HermJ) skuli ekki hafa viljað ræða um þetta efni við okkur í n. Þó er vitanlega hins vegar ekki víst, að við mundum hafa fallizt á till. hans, þar sem ég veit ekki, hverjar þær eru. Við skulum vona, að samkomulag verði um málið að lokum.

Það er eðlilegt, að sveitarstjórnirnar hafi hér mikla íhlutun um, vegna þess að þær hljóta að vita bezt um það á hverjum stað, hvar þörfin er brýnst um notkun byggingarefnis. Þess vegna tel ég óeðlilegt að setja inn í frv. ákvæði, sem geri það að verkum að rýra eða fyrirbyggja með öllu áhrif sveitarstjórnanna á þessi mál. En á hitt er skylt að benda, að því fer fjarri, að eftir frv. hafi sveitarstjórnir nokkurt úrskurðarvald í þessu efni. Í fyrsta lagi er það, að þessi fulltrúi ríkisins, sem á að eiga sæti í n., á að vera fulltrúi alls landsins í heild. Og ef þessa tvo menn greinir á, fer það undir úrskurð ráðuneytisins. Vænta má þess, að slíkur ágreiningur komi ekki fyrir nema tiltölulega sjaldan.

Vitanlega hefur engum komið í hug, að hér í Rvík væri stöðvað allt byggingarefni, sem hér er skipað upp eða kemur hér í höfnina. Mikill

hluti þess hlýtur að fara út á land. Enda er gert ráð fyrir, að gjaldeyris- og innflutningsn. miði við það, hvar nota eigi efnið að verulegu leyti. Frv. miðar fyrst og fremst að því, að fylgzt sé með því, hve mikið byggingarefni sé til ráðstöfunar á hverjum stað, eftir þeim ramma, sem gjaldeyris- og innflutningsn. hefur sett. Og ég býst við, að það þurfi ekki nánara eftirlit með þessu heldur en verið hefur hingað til. Tilætlunin er alls ekki að hindra, að flutt sé byggingarefni héðan úr Reykjavík til nauðsynlegra framkvæmda úti um land. Slíkt væri fjarstæða og liggur alls ekki bak við flutning þessa frv., enda þótt vera kunní, að einhverja aðra skipun megi hafa um þetta heldur en nákvæmlega þá, sem ráðgerð er í frv.

Ég vil gera mitt ýtrasta til þess, að samkomulag verði um afgreiðslu þessa máls, jafnframt því að ég óska, að afgr. þess verði hraðað eftir föngum, vegna þess að ég tel brýna nauðsyn þess, að málið verði afgreitt á þessu þingi.

Jónas Jónsson: Ég vil út af þessu máli benda hv. flm. á það, að ég held, að í sambandi við þessa hugmynd, sem fyrir okkur vakir með frv. og ég held, að nauðsynlegt sé að framkvæma, vegna þess að útlit er fyrir, að ákaflega lítið verði um byggingarefni í landinu á næstunni, þá þyrfti að taka þetta á öðrum grundvelli. Það þyrfti að hafa landsnefnd, sem skipti þessu efni þannig, að t. d. Samband íslenskra samvinnufélaga, Verzlunarráð Íslands, og t. d. Búnaðarfélag Íslands og Fiskifélag Íslands hefðu hvert sinn fulltrúann í þessari n., sem sæi um skiptingu byggingarefnisins. Ef þannig væru 4 menn frá þessum 4 stofnunum í þessari n., þá hefði n. rætur úti um allt land. Og með einhverju slíku móti mætti ná þeirri skömmtun, sem þarf að hafa í þessum efnum. En ég ætla, að það væri ekki hyggilegt, að skömmtun þessi gerðist í kaupstöðunum einum.

Gísli Jónsson: Mér virðist hv. þd., eftir þeim rökum, sem fram hafa verið tekin hér, vera samála um það, að nauðsyn sé á því að tryggja nokkru betur rétt dreifbýlisins heldur en gert er með þessu frv. Er og þess að vænta, að þeir menn hér í hv. d., sem á því hefðu áhuga, kæmu sér saman um brtt., sem tryggði þetta að fullu, og bæru hana þá fram við 3. umr. málsins. Ég held, að óhætt sé að ganga út frá því, að ef þetta verður ekki gert, muni löggjöf sú, sem frv. stefnir að, verða til ákaflega mikils óhagnaðar fyrir dreifbýlið, ekki einasta hvað viðvikur verzlun með timbur, heldur og einnig með ýmsar aðrar vörur. Nú er vitað mál, að þetta mætti laga með úthlutun innflutningsleyfa. En nú er það svo, að einmitt þessar stóru verzlunar, sem verzla með timbur, draga að sér innflutninginn og eiga þar betri aðstöðu heldur en smáverzlanir í dreifbýlinu. Þess vegna held ég, að ekki sé hægt að tryggja rétt dreifbýlisins eingöngu með innflutningsleyfum í þessu efni. Og þess vegna held ég, að það verði með ákvæðum laga eða ákvæðum reglugerðar að tryggja þeim rétt í þessu tilliti, sem í dreifbýlinu búa, þannig að þar verði ákveðið, hvernig þessu efni skuli skipta

milli landshluta. Ég er því kunnugur, að einmitt miklum hluta af því byggingarefni, sem flutt hefur verið til Rvíkur, hefur verið lokað út á land. Og ef þau loforð á að svikja fyrir aðgerðir hæstvirts Alþ. með þessum l., teldi ég ákaflega illa að farið í þessu máli. Þess vegna vænti ég þess, að svo vel verði gengið frá þessu máli við 3. umr., að allir partar geti verið öruggir um, að engum verði gerður óréttur með þessum l.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Ég vil itreka það, að ég tel, jafnvel eins og frv. er nú óbreytt, nægilega tryggilega frá því gengið, að ekki verði hallað á sveitirnar. Ef hv. þdm. hins vegar álitu, að ekki sé nægilega tryggilega frá þessu gengið fyrir sveitanna hönd, þá er það náttúrlega þeirra hv. þm. að koma fram með brtt. við frv., sem við svo athugum. En ég mótmæli því, að af þessu frv., þó að l. yrði eins og það er, þyrfti að leiða það, sem hv. þm. Barð. (GJ) talaði um, að svikin yrðu loforð um sölu á byggingarefni héðan úr Rvík til annarra landshluta. Ég álit, að það eigi að taka fullkomið tillit til þess innan ramma l., hver nauðsyn er fyrir byggingarefni á hverjum stað á landinu.

Ég var fyrst á þeirri skoðun, að heppilegt væri að hafa þá skipun á þessum málum, sem hv. þm. S.-Þ. (JJ) talaði um, eða svipaða því. En við athugun komst ég á þá skoðun, að það fyrirkomulag mundi verða svo þungt í vöfum, að ekkert yrði þá framkvæmt af þessu eftirliti. En ef hv. þdm. telja það færa leið, vil ég ekki mæla á móti því sérstaklega. En ég tel ekki fært að ganga inn á skömmtum byggingarefnis, sem gilda eigi hér í bænum, án þess að bæjarstjórn hafi þar ihlutun — á ég þar ekki við það byggingarefni, sem út á land á að fara, heldur það efni, sem á að koma til nota hér í bænum. Ég ætlast ekki til þess, að bæjarstjórn Reykjavíkur ráðstafi eða hafi áhrif á ráðstöfun þess byggingarefnis, sem á að fara út á land. En ég álit það ekki góða lausn á þessu máli, ef á að útloka bæjarstjórn Reykjavíkur frá því að hafa áhrif á að ráðstafa því byggingarefni, sem bæjarbúum er ætlað til sinna nota. Því að tilgangurinn með þessu frv. er m. a. að hindra það, að út um byggðir séu reistir sumarbústaðir handa Reykvíkum á þessum tíma, sem má kalla neyðartíma með tilliti til húsnæðisvandráðanna.

Ég finn, að þó að nokkuð séu skiptar skoðanir um leiðir, þá erum við allir sammála um meginefni frv. En þeir, sem vilja breyta frv., geta þá komið með brtt.

Jónas Jónsson: Ég vildi aðeins bæta því við, út af ræðu hv. 5. þm. Reykv. (BBen), að ég held, að það sé mjög eðlilegt, sem hann stingur upp á, — en það kemur á seinna stigi málsins, — ég tel fullkomlega eðlilegt, að a. m. k. bæjarfélög hafi hvert á sínum stað ráð á því, hvernig því byggingarefni verði ráðstafað, sem til þeirra er úthlutað. En ég álit, að landsnefnd eigi fyrst að skipta efninu, og svo gætu bæjarstjórnir og sveitarstjórnir, eða n., sem þær settu, skipt efninu milli þeirra, sem eru innan þeirra sveitarfélaga eða bæjarfélaga, og mætti taka fram í

l., að ekki mætti nota byggingarefni í neitt nema til bráðra nauðsynja.

Það er ekki ásökun til hv. 5. þm. Reykv., þó að ég taki það fram, að það var ekki meira byggingarefni til í Skagafirði nú fyrir skemmstu en svo, að skólastjórinn á Hólum gat ekki fengið efni í ofurlitla skógargirðingu. Hér er notað ákaflega mikið af byggingarefni nú, og þess vegna er von, að þm. dreifbýlisins álitu, að svona megi það ekki lengur til ganga. Enda er með þessu frv. borgarstjórnarsins í Rvík okkur hinum rétt hönd um að leysa þetta vandamál á skynsamlegan hátt. Og ég álit, að fyrir 3. umr. eigi að finna fyrirkomulag, sem menn sætti sig við almennt.

ATKVG.

Brtt. 122,1 samþ. með 12 shlj. atkv.

1. gr., svo breytt, samþ. með 12 shlj. atkv.

Brtt. 122,2 samþ. með 11 shlj. atkv.

2. gr., svo breytt, samþ. með 11 shlj. atkv.

3.—5. gr. samþ. með 11 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 12 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Ed., 27. ágúst, var frv. tekið til 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 17. fundi í Ed., 28. ágúst, var frv. aftur tekið til 3. umr. (A. 135, 136, 148, 156).

Gísli Jónsson: Ég hef borið fram brtt. við þetta frumv. á þskj. 148. Er þar farið fram á, að undanþegið ákvæðum þessara l. verði allt byggingarefni til skipaviðgerðar og skipabyggingar, svo og allt byggingarefni, sem selt er til byggingar í sveitir landsins, þó ekki efni til sumarbústaða.

Ég tel algerlega óviðeigandi, að þessu máli sé þannig fyrir komið, að í hvert skipti, sem nota þarf efni til skipabygginga, skuli þurfa að sækja undir þessa n., sem mér skilst, að eigi að vera að hálfu leyti skipuð af bæjarstjórn Reykjavíkur. Óska ég því, að þessi till., sem ég ber hér fram, nái fram að ganga og frv. þannig breytt samþ. Ég tel það líka til stórbóta fyrir dreifbýlið, ef frv. verður að l., að undanskilið sé ákvæðum þessara laga allt það efni, sem selt er til bygginga í sveitum landsins. Það er vitanlegt, að ákaflega mörg héruð verða að sækja í smáskömmtum byggingarefni hingað til höfuðstaðarins og eiga þess ekki kost að fá það nær né með betri kjörum annars staðar.

Ég hef einnig gert ráð fyrir því í þessari brtt., að þegar ráðh. setur reglur samkv. 1. gr., skipi hann jafnframt 3 menn í nefnd, er úrskurði um það, sem ágreiningi kann að valda, í stað tveggja manna, eins og til er ætlað í frv. Þykir mér þetta eðlilegra en að tveir menn séu í n., og ráðh. síðan að úrskurða, ef þeir eru ekki sammála, til hvers hvert einstakt borð eða planku skuli nota. Hygg ég, að verði þessu ákvæði ekki breytt, muni skapast hér líkt ástand og skapadist um bifreiðaúthlutunina, að ráðh. hefði engan frið, hvorki utan skrifstofu né innan, en væri sífellt önnum kafinn við að úrskurða,

hvernig þessum og hinum borðunum og plönkunum yrði varið.

Loks er brtt. við 3. gr. um, að í stað orðanna „allt að 50 þús.“ komi: 500—10000. Mér finnst hlægilegt að ákveða 50 þús. kr. sekt fyrir brot á l., sem vitað er fyrir fram, að munu verða brotin svo að segja daglega, þó að þau verði sett.

Frsm. (Bjarni Benediktsson): Ég skal ekki fara mörgum orðum um þessar brtt., sem fyrir liggja. Hv. þm. Str. (HermJ) gerði grein við 2. umr. fyrir sínum brtt. En eins og ég sagði þá, álit ég, að þar hafi verið tekið nokkuð öðruvisi á þessu máli heldur en ég tel vænlegt til framkvæmdar eða gagns. Og ég er hræddur um, að með þeirri skipun, sem hann ráðgerir, verði árangurinn af þessari löggjöf litill eða enginn, auk þess sem mér sýnist, að gjaldeyris- og innflutningsnefnd hafi í hendi sér að gera allar þær ráðstafanir, sem hann gerir ráð fyrir. Ef hans brtt. verður samb., þá sé ég ekki annað en að frv. sé óþarft og nái ekki framar en nú eru til ákvæði í l. fyrir.

Það, sem fyrir mér vakti með flutningi þessa máls, er, að hvert sveitarfélag hefði heimild til nokkurra afskipta af því, hvernig því byggingarefni skyldi varið, sem, hvort sem er, er ætlað til notkunar innan þess. Það er vitað mál, að sveitarstjórnunum er bezt um það kunnugt, hverjar byggingar eru nauðsynlegastar innan takmarka síns sveitarfélags. En sveitarstjórnirnar eru eftir brtt. hv. þm. Str. (HermJ) útilokaðar frá því að geta haft þau afskipti, og vil ég því leggja á móti þeim brtt. Aftur á móti hef ég borið fram brtt. til þess að gera það skýrara en áður, að ætlunin er ekki sú að kyrrsetja í kaupstöðunum það byggingarefni, sem til kaupstaðanna er flutt, en þó er ekki ætlað til notkunar þar.

Ég veit, að hv. þm. Barð. (GJ) hefur ekki nema gott í huga með sinni brtt. En ég tel, að það, sem hann vill, að vinnist með þeirri brtt., það hafi gjaldeyris- og innflutningsn. á sinu valdi að framkvæma með úthlutun leyfa. En ég tel, að þessar brtt. minar fullnægi því sjónarmiði, sem hv. þm. Barð. setur fram. Annars er það ekki ætlunin, að þetta eftirlit sé miðað við það að veita leyfi fyrir hverju borði og hverjum planku út af fyrir sig, heldur hinu, hvað framkvæmt sé í byggingamálu á hverjum stað, og að n. hafi það hlutverk með höndum að ákveða, hvaða skipabyggingar, íbúðarhúsabyggingar og verksmíðjubyggingar eru nauðsynlegastar. Ég hygg, að slík n. geti gert mikið gagn. En ég álit, að brtt. hv. þm. Str. og hv. þm. Barð. nái ekki tilgangi sínum, og er ég á móti þeim.

Atvmrh. (Magnús Jónsson): Það eru tímar alls konar hafta og ráðstafana nú, og verða því jafnvel þeir, sem annars eru ekki hrifnir af slíkum hlutum, að dansa með í þeim dansleik. Og m. a. hefur mér verið ljóst, að ef á annað borð ætti að grípa inn í um þetta mál, úthlutun á byggingarefni, þá væri það ómögulegt, nema um það væru til l., svipuð þeim, sem hér er um að ræða. Það hefur verið deilt nokkuð á ríkis-

stj. fyrir það, að hún hafi ekki í sambandi við gerðardóminn gert ráðstafanir til þess að hindra vissar byggingarframkvæmdir. En sannleikurinn er sá, að það hefði verið ómögulegt, án þess að stuðzt hefði verið við l., sem að vísu hefði mátt gefa út sem brbl. En annars hafa ekki aðrar ráðstafanir verið gerðar en þær, að til þess að fá sement til annarra bygginga en íbúðarhúsa hefur þurft leyfi frá ráðuneytinu. Ráðstafanir eins og þær, að gera það að skilyrði fyrir flutningi á timbri, að það verði notað til vissra tiltekinna bygginga, eru gagnslausr. Því að hver á að fylgja timbrinu eftir til þess að geta vitað um, hvert það fer og til hvers það verður notað? En úthlutunin á byggingarefni nú er þannig, að það er sjálfsgagt full nauðsyn á að setja l. um þá úthlutun. Og ég er fyrir mitt leyti alveg meðmæltur því, að slík löggjöf í þessa átt, sem hér er um að ræða, verði samb. af þinginu. Það er hins vegar ekki því að neita, að hér er um mikið vandamál að ræða. Og ef þetta þing setur löggjöf í þessa átt, þá er við það sá höfuð kostur, að þing á að koma saman fljótt aftur, svo að eftir því, hvernig þessi löggjöf reynist, má þá á næsta þingi breyta henni, ef ástæða þykir til. Og þetta atriði er einmitt töluverð ástæða til þess, að þetta þing gangi frá þessari löggjöf nú, að það fengist stuttur, en mjög gagnlegur tími til reynslu á þessari löggjöf til næsta þings.

Mér virðist brtt. á þskj. 156, frá hv. flm. frv., vera í alla staði eðlileg, enda skildi ég frv. á þann veg eins og þar er ákveðið, að það sé átt við það byggingarefni, sem til sé á hverjum stað og flutt er þangað og ætlað er til að notast þar. Því að hitt er óhugsandi, að það yrði nokkurn tíma framkvæmt þannig, að það byggingarefni, sem lagt er upp í einhverjum kaupstað, eins og t. d. hér í Rvík, yrði kyrrsett á þeim stað og að l. verkuðu í þá átt. En það er rétt að taka þetta nánar fram í l., samkv. því sem til er tekið í brtt. á þskj. 156.

Viðvikjandi brtt. á þskj. 148 vil ég segja það, að ég er smeykur við ákvæði l. gr., þar sem lagt er til, að við verði bætt, að undanþegið sé allt byggingarefni til skipavíðgerðar og skipabyggingar, svo og allt byggingarefni, sem selt er til byggingar í sveitir landsins, nema efni til sumarbústaða. Því að alveg eins og hv. flm. brtt. (GJ) tók fram, að þessi l. mundu verða brotin á hverjum degi, þá mundi þetta ákvæði verða mjög erfitt í framkvæmd. Og því erfðari verða þessi l. í framkvæmd, því fleiri sem leikagötin eru á þeim í upphafi. Og ef allt þetta byggingarefni, sem í þessari brtt. getur, væri undanþegið eftirliti, þá væri búið að gera þessa löggjöf þannig, að ómögulegt er að framkvæma hana. Á þessum tíma mundu menn ekki telja eftir sér að flytja byggingarefni til þannig að taka það upp, þó að búið væri að flytja það út á land til bygginga í sveitum landsins, og flytja það hingað aftur og nota það svo til ónauðsynlegra bygginga. Slíkt mundu menn ekki telja eftir sér. Ég held því, að það sé alls ekki fært að samþykkja þessa brtt. Aftur á móti virðist mér 2. brtt. hans, svona við fljótlega athugun, vera öllu betra fyrirkomuleg heldur en gert er ráð fyrir í frv., það að hafa

3 nefndarmenn í stað 2, er skipaðir séu af ráðh. til þess að hafa þessa framkvæmd með höndum. Og ég vil segja í sambandi við það einnig um 1. brtt. á þskj. 136, frá hv. þm. Str. (Herm.J.), að ég held, að í svona n. sé eðlilegast, að ráðh. tilnefni menn. Það er ekki af því, að það sé svo æskilegt fyrir viðkomandi ráðh., hver sem yrði að gera það. En það er til þess að stofna ekki fyrir fram til togstreitu í þessari n. Ef þessi n. á að verða að nokkru gagni, verður hún að vinna sem allra embættislegast, sem sé, að í henni séu menn, sem hvorki eiga að hafa né hafa tilhneigingu til að gæta sérhagsmuna, heldur taka til greina fyrst og fremst þá nauðsyn, sem fyrir hendi er í byggingamálanum á hverjum stað. Ef vissar stéttir eða hagsmunasamtök hafa fulltrúa í slíkum n., hefur það reynzt mjög mismunandi gagnlegt, en varpar þeim blæ á, að alltaf séu deilur í þeim nefndum. Hins vegar mundi ráðh. skipa í slíka n. menn, sem hafa aðstöðu til að úrskurða þetta óhlutrægt eins og dómstóll.

Um aðrar brtt. skal ég ekki neitt fjalla. Ég verð að játa, að ég er ekki alveg viss um, hvers vegna skömmunarstjofa ríkisins ætti að hafa framkvæmd þessara ráðstafana. Og sérstaklega held ég, að það yrði nokkuð erfitt að eiga að fara að meta, á hvern hátt vissir landshlutar hafa orðið út undan með að fá til sín byggingarefni og að eiga að bæta það upp. Held ég, að í hvert skipti yrði af viðkomandi héruðum nokkur málafylgja höfð, og að erfitt yrði þar úr að skera, því að ég hef ekki talað við nokkurn hv. þm., sem ekki telur sinn landshluta og kjördæmi hafa orðið sérstaklega út undan í þessu og fleira. Það yrði því harðvítugur málaflutningur.

Ég held, að það yrði reynt að haga þessu eftirliti svo, að ekki yrði meiri kostnaður við n. til þessarar úthlutunar en nauðsyn er á. Það eru til starfskraftar, sem eru færir um þetta og hafa æfingu í slíku.

Ég vil mæla með því, að þetta frv. fái afgreiðslu svo fljótt, að það gæti orðið að l. á þessu þingi, sem búast má við, að fari nú að stytast.

Umr. frestað.

Á 18. fundi í Ed., 31. ágúst, var frv. tekið til frh. 3. umr.

Forseti tók málið af dagskrá, og var það ekki á dagskrá tekið framár.

7. Einkasala á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl.

Á 17. fundi í Ed., 28. ágúst, var úthýtt:

Fr. til l. um afnám l. nr. 30 9. jan. 1935, um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl. (þmfrv., A. 145).

Á sama fundi og enn fremur á 19. og 20. fundi deildarinnar, 1. sept., var frv. tekið til 1. umr. Forseti tók málið af dagskrá.

Á 23. fundi í Ed., 4. sept., var frv. enn tekið til 1. umr.

Flm. (Bjarni Benediktsson): Ég hef leyft mér að flytja þetta frv. um afnám þessara l. Eins og menn vita var tilætlunin með þessum l. upphaflega tvenns konar.

Í fyrsta lagi átti að útvega fremur en áður hafði tekizt tæki sömu tegundar og gerðar, svo sem bifreiðar og varahluti til þeirra, og minnka um leið kostnaðinn og óþægindin við ýmsar og ósamstæðar gerðir. Í öðru lagi átti að afla ríkinu tekna nokkurra með þessu. Reynslan varð sú um raftækin, að stj. felldi niður einkasölu á þeim von bráðar.

Svo margir gallar eru og á bifreiðaeinkasölu, að hún mun ekki eiga langa lífdaga fyrir höndum. Mér er það ljóst, að þetta frv. mun ekki ganga fram hér á þessu þingi. En það mun þá verða tekið upp síðar, og er ég viss um, að samkomulag mun þá verða um að láta bifreiðaeinkasölu fara sömu leið og raftækjaeinkasölu.

Allir vita, að aldrei hafa fleiri tegundir bifreiða verið í landinu en nú.

Bifreiðaeinkasalan virðist því þarflausari sem innflutningur bíla utan hennar vex stöðugt.

Þess skal getið, að hún tekur aukagjald af þessum bifreiðum. Ef menn telja rétt að skatta þær, þá væri það eðlilegast með sérstakri skattálaga heimild, en ég tel ekki rétt, að bifreiðaeinkasalan taki fé fyrir það, sem hún kemur ekki nálægt. Á þessu ári hefur einkasalan flutt inn í landið 120 bifreiðar, en 158 hafa verið fluttar inn utan hennar.

Þessir 158 bílar hafa verið taldir notaðir, en notkun þeirra er lítil sem engin. Þetta sýnir nokkuð. Það sýnir dugnað og starfshæfi einstaklinga, sem hafa getað náð inn í landið fleiri bifreiðum en hin opinbera einkasala. Þó er alkunnugt, að umsóknir um bíla til einkasölu eru gífurlega margar.

Ég get dæmt af eigin raun um, að þessi mál eru erfið. Bærinn þarf á mörgum bilum að halda til fólks- og vöruflutninga. Ef sótt er um nýjan bíl, er aldrei hægt að fá ákveðin svör, nema að beita sér sem freklegast. Margir hafa fengið bíla, sem þeir fara svo með beint í Bretavinnuna, en Rvíkurbær hefur enga fengið.

Ég get einnig nefnt sem dæmi, að lögreglustjóra hefur tekizt af sjálfsdáðum að útvega bifreið á tveimur mánuðum utan við einkasölu, en sakamáladómari varð að biða eftir sinni bifreið frá einkasölu í 2 ár og hafði þó sízt minni þörf á henni. Samkvæmt fenginni reynslu um starfrækslu bifreiðaeinkasölu, þá virðist augljóst mál, að hún sé engum til góðs og því rétt að leggja hann niður. Svo óska ég, að þessu frv. verði vísað til hv. fjhn.

Jónas Jónsson: Ég ætla að bæta við fácinum orðum.

Ég bjóst við, eins og kom á daginn, að hv. síðasti ræðumaður gæti ekki vænt þess, að þetta frv. fengi afgreiðslu á þessu þingi. Það er því hægt að ræða það nánara á næsta þingi. En ég ætla að rekja aðdragandann að stofnun

einkasölnunnar, sem stofnuð var gegn vilja Sjálfstf. Hún var stofnuð vegna hinna miklu gjaldreyrivandræða.

Skilyrðið fyrir fiskisölu okkar á Spáni voru þá þau, að við keyptum af þeim vörur í staðinn, sem takmarkaðist þó vitanlega af gjaldeyris-skorti.

Þá kom það fyrir, að Páll Stefánsson frá Þverá, sem annars er nýtur maður, hafði komið að því, að til var þar í landi samsetningarverksmiðja fyrir Ford-bíla og tók nú að flytja þá inn frá Spáni með fiskflutningaskipunum, og leit svo út um tíma, eins og erfitt var um gjaldeyri, að ekki væri hægt að kaupa lífsnauðsynjar svo sem meðöl.

Þetta var ekki þegnskapur, og það var ekki hægt að verjast aðferð hans með öðru en stofnun einkasölnunnar.

Þess vegna var hún stofnuð. Nú álit ég, að á fyrstu árum einkasölnunnar hafi verið gerð ein skipulagsyfirsjón. Einkasalan hefði átt að verða heilsteypari og fækka tegundum bifreiða. En það var ekki henni að kenna, heldur stj., sem lét viðgangast, að innflutningur varahluta í bíla væri í höndum annarra en einkasölnunnar.

Gjaldeyrisvandræðin hafa langoftast valdið innflutningstregðu á bifreiðum í sögu einkasölnunnar.

Þegar innstæður okkar urðu svo miklar í Englandi sem raun varð á, þá hömluðu miklir flutningaörðugleikar. Auk þess voru þar aðeins notaðir bílar á boðstólum, sem vafasamt var að kaupa, svo að einkasalan mun hafa hugsað sem svo, að heppilegast væri, að hver og einn keypti þá á eigin ábyrgð. En svo kom þar, að ekki fengust neinir bílar frá Englandi né Bandaríkjunum og um tíma þurfti að sækja um leyfi til sendiherra Breta hér, fyrir dollurum, hve lítið, sem var.

Á þessum tíma var sama, hvort nokkur einkasala var eða ekki. En svo losnaði um gjaldeyri frá Bandaríkjunum og flutningamöguleikarnir voru miklir.

Þá voru keyptir inn margir bílar, fyrst 250, síðar 150 nýir bílar, sem munu vera þeir síðustu. Það var ekki sízt vegna úthlutunar þessara síðustu bíla, sem nefnd var kosin til að fjalla um þau mál og koma meiri reglu á úthlutunina. En hv. 5. þm. Reykv. getur ekki dulizt, að aldrei hefur komið annað eins fyrir einkasölnuna og þegar hv. fjmrh. fór að fást við úthlutunina. Hann hefur verið umsetinn eins og virki á götunni, heima hjá sér og á skrifstofunni, því að hann er í rauninni orðinn forstjóri einkasölnunnar. Þetta fyrirtæki hefur því átt við margt að stríða, og þál. sú, er nú er fram borin hér í þinginu um þetta efni, er beinlínis miðuð við þetta ólag, sem hv. fjmrh. hefur komið á.

Það hefur lítið verið rætt um þetta opinberlega af velvilja til hans, því að málið hefur verið of leiðinlegt til að tala um það.

Þegar hv. þm. koma hingað eftir næstu kosningar, geta þessi bilamál verið orðin ennþá þýðingarmeiri. En hitt er eins líklegt, að þá verði málið dáði út af sjálfu sér vegna ómögulegra flutninga á bifreiðum til landsins. En til þess að segja hv. 5. þm. Reykv., við hvaða erfiðleika

við þm. Framsfl. höfum átt að etja um útvegum bíla, þá skal og taka dæmi úr mínu kjördæmi. Þar eru 3 lækna, sem ég hef reynt að útvega bíla, en ekkert orðið ágengt á sama tíma og ótal strákar hér í bænum fá úthlutað bílum.

Einn þessara lækna situr á Breiðamýri. Hann er ungur og dugandi. Stundum, þegar þarf að sækja hann í Bárðardalinn, þá þarf að fá flutningabil ofan úr Mývatnssveit til fararinnar o. s. frv. Ég hef talað um þetta við hv. fjmrh., og hann veit af því.

Nú á einkasalan 150 Cryslera í Bandaríkjunum, og nú ætla ég enn að gera pantanir fyrir þessa lækna. Það hefur komið fyrir, að aksturskostnaður hefur orðið um 200 kr., ef þurft hefur að sækja lækni úr Bárðardal til barna með lungnabólgu. Nú hefur ekki komið nýr fólksbíl til Húsavíkur í 10 ár, og héraðslæknirinn hefur engan bíl.

En eins og hv. 5. þm. Reykv. sagði, þá miðar ekkert áfram í þessum málum.

Nú vil ég benda á það, að þótt einkasalan yrði lögð niður, þá verður þjóðin alltaf að hafa eitt-hvert eftirlit með þessum málum. En þó að einkasalan yrði lögð niður, er eðlilegt, meðan einhverjir bílar fást, meðan samræmið milli innflutningsmöguleika og gjaldgetu er eins og það er, að þá yrði þjóðfélagið að hafa hönd í bagga, svo að það kæmi ekki fyrir, að strákar í Reykjavík séu að leika sér á bílum, sem þeir hafa ekkert með að gera, en héraðslæknir sé ekki betur settur en eins og ég hef getið um og heilt kauptún, eins og Húsavík, fái ekki einn bíl á 10 árum, og það er þetta eftirlit, sem fengi á sig alla erfiðleika einkasölnunnar og stórum aukna frá því, sem nú er. Það ástand, sem hefur verið síðast liðna mánuði, hefur skapað djúptækt hatur til þeirra manna, sem hafa haft með úthlutuninn bifreiða að gera. Þetta hafa menn fundið réttilega. Áður var þetta hjá gjaldeyrisnefnd, en svo neitaði hún að hafa það lengur, og þá var málinu fleygt í forstjóra einkasölnunnar, sem var alveg rangt, því að hann átti bara að kaupa inn bílana. Hann sá þegar, hvaða vandi honum var búinn, og hefur stöðugt farið fram á að fá nefnd til þess að úthluta bílunum, og þær hafa verið 3 eða 4 síðustu 2 árin. Í einni, sem starfði í haust, áttu sæti Jóhann Ólafsson, bílakaupmaður, Stefán Jónsson, skrifstofustjóri í gjaldeyrisnefnd, og forstjórinn sjálfur. Þessi nefnd vann skipulega að því að skipta þessum bílum og varð fyrir mjög lítilli rökstuddri gagnrýni, og gerði hún sér mikið far um að skipta bílunum rétt. En það, sem skaðaði þetta mál, skaðaði Sjálfstæðisfl. og skaðaði landið, var það, að ráðherrann tók þetta að sér. Hann hefur orðið fyrir ótrúlegri gagnrýni þessa mánuði. Ég þykist vita, að hann hafi etað sér að vinna vel, en ég held, að hann hafi ekki athugað, hvaða erfiðleikar eru því samfara að eiga að úthluta 10 þús. kr. bílum, þegar það, að fá bíl, er það sama eins og að fá 20 þús. kr. á borðið. Ég veit um menn, sem fengu bíla og hafa selt þá aftur fyrir 20 þús. kr. Það voru aftur mistök hjá hæstv. ráðh. að ganga ekki þannig frá, að fylgt væri með sölu bílanna. Fyrirv. ráðh. lagði til, að bílarnir væru seldir með skilyrði, þannig að

einkasalan vissi um, ef þeir væru seldir. Það var óhapp, að ráðh. var ekki með þessari breyt. Það sjá allir, hvert óhapp það er fyrir ráðh. að stefna á sig öllum, sem gera kröfur um bíl, þegar hann úthlutar í sambandi við hvern bíl 10, 15 og upp í 20 þús. kr. gjöf. Þetta mundi haldast, hvaða skipulag sem væri, og ég er samdóma hv. 5. þm. Reykv. um það, að það verði að hafa allt annað lag á kaupum og úthlutun bifreiða en hefur verið, sérstaklega síðustu mánuðina.

Haraldur Guðmundsson: Flm. lét þess getið í framsöguræðu sinni, að hann gerði sér fullkomlega ljóst, að þetta frv. mundi ekki ná fram að ganga á þessu þingi, og finnst mér sjálfsagt fyrir hv. d. að taka þetta til athugunar og láta flm. verða að orðum sínum í þessu efni. Ég held líka, að hverjum augum, sem litið er á starfsemi einkasölnunnar undanfarið, geti varla talizt tímar til þess nú að breyta til og leggja hana niður.

1. Ég vil benda á það, að í Sj. var alveg nýlega samþykkt þál. um, að sérstök þingkosin n. skyldi hafa með höndnum úthlutun þeirra bifreiða, sem inn yrðu fluttar, og þar með fengin yfirlýsing Alþingis um það, að þessi stofnun haldi áfram.

2. Eins og hér kom fram í umr. um bifreiðaúthlutunina, eru litlar líkur til þess, að um innkaup á nýjum bifreiðum eða yfirleitt bifreiðum umfram það, sem orðið er, geti verið að ræða á næstunni. Það er fullvist og vitað, að frá Englandi er engar bifreiðar að fá, og eftir því, sem fréttist frá Vesturheimi, er öll bifreiðaframléiðsla þar dregin saman og verið að breyta framléiðslu verksmiðjanna, sem öll er miðuð við þarfir hersins.

Í grg. þessa frv. segir flm., að þeim óánægjuröddum, sem komi fram út af störfum bifreiðaeinkasölnunnar, sé bezt svarað með því að taka upp frjálsa verzlun á þessari vöru. Ég vil segja, að mig furðar á því, að jafn greindur og glöggur maður og hv. flm. er skuli láta slík orð frá sér fara nú. Honum er kunnugt um það, að um frjálsa verzlun er alls ekki að ræða og sízt á þessari vörutegund, því að æ meira og meira af öllum okkar viðskiptum við útlönd er lagt í viðjar og hömlur settar á þau og við verðum alltaf fjær því, sem hægt er að nefna frjálsa verzlun. Ég skal ekki mæla rekstri bifreiðaeinkasölnunnar, stj. hennar eða yfirstj. neina bót, þar hefur að sjálfsögðu verið ýmsu mjög áfátt, en ekki er rétt að gleyrna því, þegar dómur eru felldir um starfsemi einkasölnunnar, hversu örðugt er að annast þessa starfsemi, svo að menn geti sæmlega við unað, þar sem ómögulegt hefði verið, með hvaða fyrirkomulagi sem var, að flytja inn í landið nokkuð svipað því af bifreiðum, sem eftirspurnin og kaupgetan er til fyrir innanlands nú á seinustu árum.

En það, sem kom mér sérstaklega til að kveðja mér hljóðs um þetta, er það, að mér virðist, að með flutningi þessa frv. sé gersamlega lokað augunum fyrir því, hvernig ástandið er. Það er fullvist, þegar talað er um frjálsa verzlun á þessari vörutegund og öðrum vörutegundum, sem fluttar eru inn í landið, að fyrir utan allar hömlur og kvaðir, sem lagðar eru á verzlunina innanlands, eru meiri opinberar takmarkanir, sem

verður að mæta, þegar keypt er utanlands, og megnið af innflutningi landsins er nú keypt fyrir beinan tilverknað opinberra stjórnarvalda. Og ég vil nota þetta tækifæri til þess að láta þá skoðun í ljós, að ég álit alveg óhjákvæmilegt að taka utanríkisverzlunina alla nú þegar til gaumgæfilegrar athugunar, og liggur mér við að segja, að menn geti orðið sammála um það, án tillits til þess, hvort menn aðhyllast svokallaða frjálsa eða félagslega verzlun. Með þeim horfum, sem eru á flutningi til landsins, og með þeim horfum, sem eru á nauðsynjum til landsins, vitandi það, að leita verður til opinberra stjórna eða stjórnarvalda með hvert einasta stykki svo að segja, sem til landsins er flutt, og vitað, að rúm í flutningaskipunum er mjög svo takmarkað og má búast við, að það verði meira takmarkað, er það bersýnilegt, að það verður að taka til gaumgæfilegrar athugunar utanríkisverzlunina alla. Ég hef frá því fyrsta, að styrjöldin hófst, verið þeirrar skoðunar, að það sjálfsagða í þessu efni væri það, að taka allan innflutning til landsins og útflutning vitanlega líka undir eina opinbera stjórn. Ég hygg, að með því ynnist:

1. að greiðara yrði að fá vörur til landsins,
2. að tryggj yrði, sem ekki er undir núverandi fyrirkomulagi, að nauðsynjar gangi fyrir hinum ónauðsynlegri vörum, bæði við innkaup og ekki síður, þegar ákveðið er, hvaða vörur skuli settar í það skiprúm, sem er á hverjum tíma,
3. að allra áhrifamesta dýrtiðarráðstöfunin væri það að taka allan innflutning til landsins undir opinbera stjórn.

Ég hygg þetta vera áhrifamestu dýrtiðarráðstöfunina af tveim ástæðum. 1. Af því að þá yrðu verðlagsákvæðin ákaflega einföld. Sú stofnun, sem annaðist innflutninginn til landsins, ákvæði um leið og vörurnar væru afhentar, hvert útsöluverðið ætti að vera, eins og Landsverzlunin gerði, svo að það væri auðvelt að fylgjast með útsöluverðinu. 2. Þessi stofnun kæmi í staðinn fyrir það verðlagseftirlitsbákn, sem við höfum nú sett upp og við verðum að játa, að er afar ófullkomið og fjarri því, að ná tilgangi sínum. 3. Ég hygg, ef menn meina það, að nauðsynlegt sé að sporna við verðbólgunni og takmarka stríðsgróðann, sé nauðsynlegt að taka innflutninginn undir opinbera stjórn. Það er vitað, að geysimikið af þeim gróða, þeim hreina stríðsgróða, fer í gegnum verzlunina, og það er kannske sá hluti stríðsgróðans, sem erfiðast er að hafa hendur á. Það er erfiðara að hafa hendur á þeim stríðsgróða en þeim, sem fest með útflutningi með togurum og fiskiskipum.

Ég hygg því, að af öllum þessum ástæðum, bæði með tilliti til innkaupamöguleika í útlöndum, með tilliti til þess að nota sem bezt flutningamöguleika þá, sem eru á hverjum tíma, með tilliti til þess að gera verðlagseftirlitið í landinu áhrifameira og setja hömlur á dýrtiðina og með tilliti til þess að afstýra þeirri hættu, sem er á því, að stríðsgróðinn hrúgist upp hjá einstökum mönnum, sem einu sinni er ekki eftir á hægt að ná með sköttum, sé nauðsynlegt að taka allan innflutning til landsins undir eina opinbera stjórn.

Ég álit því ákaflega ótímabært að samþykkja nú að leggja niður þá einkasölu, sem hér er um að ræða, með þeim forsendum að gefa þessa verzlun frjálsa, af þeim ástæðum, sem ég hef getið um, í viðbót við það, sem ég sagði í byrjun máls míns.

Ég sé ekki ástæðu til þess að greiða atkv. með því, að málið fari til n. Það er ekki ástæða til þess, þar sem hvorki flm. né aðrir trúá á, að það nái fram að ganga, og get ég ekki aunað en sýnt afstöðu mína nú strax við fyrstu umr.

Gísli Jónsson: Herra forseti. Það, sem kemur mér til að taka til máls um frv. það, sem hér er til umræðu, er sú hugarfarsbreyting, sem átt hefur sér stað á meðal framsóknarmanna og Alþfl. í þessu máli, frá því að það var til umr. í Sp., þegar rætt var um að skipa n. til að úthluta bifreiðum. Ef þeir hefðu viljað vera sjálfum sér samkvæmir frá degi til dags í þessu máli, áttu þeir sjálfir að koma sér saman um að bera fram till. um afnám einkasölnunnar og skilja ekki við hana fyrir en hún hefði náð samþykki Alþ.

Þegar þáltill. um nefndarskipunina kom fram í Sp., mætti hæstfrv. fjmrh. á fundi hjá allshn. til þess að gefa skýrslu um bifreiðauthlutunina. Eftir að sú skýrsla hafði verið gefin og rædd, lýsti frsm. n., hv. þm. Ísaf., yfir því, að ályktunin væri ekki komin fram sem ásökun á fjmrh. fyrir pólitíska hlutdrægni við úthlutun bifreiðanna. Var þessu ekki mótmælt af neinum nefndarmanna, hvorki úr Framsfl., Alþfl. né Sósfl. Þar með var það viðurkennt, að málið væri ekki borið fram til þess að gera árás á Sjálfstfl. eða ráðherra hans. Þótti mér að sjálf-sögðu vænt um þá viðurkenningu. Hefur hún heldur ekki verið hrakin hér í þessari hv. deild, þótt hv. þm. S.-Þ. hafi haldið allt öðru fram í ræðu sinni, alveg án nokkurra raka. Það, sem á milli bar sjálfstæðismanna og hv. þm. úr hinum flokkunum í þessu máli, var það, að sjálfstæðismenn vildu tryggja það, að réttlát úthlutun ætti sér stað um þær bifreiðar, sem ekki var farið að úthluta, og því lögðu þeir til, að skipuð yrði n. alveg sérstaklega til þess að semja reglugerð um það, hvernig þessu réttlæti skyldi náð með aðstoð allra aðila, sem hér áttu hlut að máli, með það fyrir augum að tryggja hag alþjóðar eftir því, sem hægt er, í meðferð þessa máls. Þetta vildu hinir flokkarnir ekki, hvorki Alþfl., Framsfl. né Sósfl. Þeir börðu það fram, að hér væri kosin 3 manna n., sem viðhaldið gæti pólitískri togstreitu um málið, þótt vitað væri fyrir fram, að hún gæti ekki haft neitt vald til þess að úthluta bifreiðum. Samkv. l. er einkasölnunni gefinn einkaréttur á innflutningi bifreiða og þá að sjálf-sögðu einnig einkaréttur um úthlutun þeirra, því að það getur ekki samrýmt og er algerlega gagnstætt anda laganna og venjum öllum að gefa einkarétt um innflutning á vöru og taka af eða takmarka á sama tíma úthlutunarréttinn. Stofnun þessi vinnur á ábyrgð fjmrh., og þess vegna er það að sjálf-sögðu á hans valdi að gripa inn í, hvenær sem honum kann að þykja ástæða til, um úthlutun, ef hann telur, að með því sé betur séð fyrir hag almenn-

ings. Þetta er ekki einasta réttur hans, heldur og þeim skylda hans, sem verður ekki breytt né afnumin með þál. Að fjmrh. greip hér fram í, kom beinlínis til af því, að hann áleit sig knúðan til þess vegna almenningsheilla. Till. frsm. og þeirra flokka, sem þeim fylgdu í þessu máli, er því það frekasta vantraust, sem komið hefur fram á bifreiðaeinkasölnuna og forstjóra hennar, en ekki á fjmrh., enda gáfu þeir honum réttmæta viðurkenningu fyrir afskipti sín af málinu í upphafi umræðnanna. Þess vegna kemur mér það einkennilega fyrir sjónir nú, að það skuli einmitt vera þessir menn, sem vilja halda hlífiskildi yfir stofnun, sem þeir eru nýlega búnir að samþykkja eitthvert það mesta vantraust, sem samþ. hefur verið á nokkra stofnun. Sjálfstflm. játa, að ýmislegt mætti segja um þessa stofnun, en þeir vildu ekki vera með í því að samþykkja svo róttækt vantraust á hana, eins og gert var með samþykkt þál. í Sp. fyrir skömmu, einkum er þeir og vissu, að það var í frekasta lagi óþinglegt að samþykkja slíka ályktun, nema að hafa breytt áður l. um bifreiðaeinkasölnuna, en of-forsíð var svo mikið að koma þessu vantrausti fram á sitt eigið atkvæmi, að þess var ekki gætt, sem gæta þurfti um meðferð málsins.

Hvað snertir frv. það, sem hér er til umr., þá er það fyrst og fremst komið fram vegna þeirra staðreynda, að þessi stofnun, sem með l. 1935 fékk þann rétt að flytja ein inn bifreiðar, hefur brugðizt skyldu sinni um að afla landinu nægilegs bifreiðakosts og það svo, að nú er upplýst, að aðrir menn, sem ekki áttu að hafa þessar skyldur, hafa birgt landið upp á síðari árum með meira magn af bifreiðum en einkasalan, sem þó ein hafði skyldurnar. Þessir menn urðu að sjálf-sögðu að yfirstiga alla þá sömu örðugleika sem einkasalan hafði um innflutning á bifreiðum, og auk þess að greiða 17% aukaskatt til bifreiðaeinkasölnunnar fyrir það eitt að hafa af þeim innflutningi engin afskipti. Hygg ég, að flestir hafa greitt þann skatt með ánægju til þess að vera lausir við afskipti hennar af innflutningnum. Ef þetta eru ekki rök fyrir því, að leggja beri niður einkasölnuna, þá veit ég ekki, hvað eru rök.

• Hv. þm. S.-Þ. vildi halda því fram, að skorturinn á bifreiðunum stafaði af gjaldeyrisvand-ræðum. En ég vil minna á í því sambandi, að sumir menn vilja gjarnan skjóta sér bak við það, að allt sleifarlag sé fyrir gjaldeyrisvand-ræði. Þeim er alltaf kennt um, ef ekki er hægt að uppfylla kröfurnar. En ef við litum dálítið til baka, minnumst við kannske þess, að á þeim tímum voru menn, sem áttu þess kost að selja saltfisk á nýjum markaði fyrir snöggum hærra verð en hægt var að fá, gegn því að taka upp í þá sölu það magn bifreiða, sem landið þyrfti nauðsynlega að nota, en þá var álitid, að bifreiðar væru svo mikil luxusvara, að ekki mætti leyfa þann aukna innflutning til landsins, þótt hann jafnframt yki að sama skapi útflutnings-verðmæti þjóðarinnar og atvinnu.

Það mætti margt um þetta segja, en því meira sem sagt er um það, því verri er hlutur einkasölnunnar og þeirra manna, sem báru ábyrgð á henni og gjaldeyrisráðunum á þeim tíma.

Einkasala á bifreiðum, rafvélum, rafahöldum o. fl. — Launabætur embættismanna (frv. SigfS og ÁkJ).

Hvað viðvikur því, sem hv. þm. Seyðf. minntist á, að rétt væri að taka allar vörur nú undir einkasölu eða landsverzlun, þá vil ég segja það, ef hann vill alveg sérstaklega fá sama sleifarlagið á matvöruinnflutninginn til landsmanna eins og verið hefur á bifreiðum, síðan bifreiðaeinkasalan var stofnuð, þá get ég skilið, að hann vilji fá matvöruverzlunina undir einkasölu, en vilji hann það gagnstæða, er óskiljanlegt, hvernig jafnmerkur þm. og hann getur komið fram með á Alp. jafnvanhugsaða till. og þá, sem hann minntist hér á, þegar hann jafnframt veit, að verzlunarmálin eru langverst leyst af hendi af einkasölu af öllum þeim aðilum, sem með þau hafa farið hingað til. Má því til sönnunar benda á, að síðan rafmagnsvörur voru leystar undan einkasölunni, hafa engin vandræði orðið að fá þær vörur og það þótt erfiðleika hafi gætt í því að fá ýmsar aðrar vörur. Til dæmis hefur bifreiðaeinkasalan einkaleyfi á sölu útvarpstækja, og hvernig er ástátt um þau mál? Væri æskilegt, að innflutningur á matvælum kæmist í sama horf?

Hv. þm. S.-Þ. minntist á erfiðleika lækna í Þingeyjarsýslu á því að fá bíla. Í sambandi við það vil ég benda honum á, að ákveðið hefur verið, að allt að ⅔ þeirra 150 bíla, sem nú eru komnir hér á land, skuli úthlutað til atvinnubilstjóra og bifreiðastöðva, ⅓ hlutinn er þá eftir handa öðrum, þar á meðal handa læknum í Suður-Þingeyjarsýslu.

Hv. þm. sagði líka, að hlutverk forstjórans hefði aðeins verið það að kaupa inn bíla. Ég hef nú aldrei fengið slíka skýringu á viðskiptamálum fyrr. Ég held, að það sé ekki síður hlutverk forstjóra verzlunarfyrtækis að selja vöruna en kaupa. Hitt er aðeins fyrirkomulag, sem rauðu flokkarnir vilja hafa nú um skeið á bifreiðaeinkasölunni, af því að þeir ráða ekki sjálfir yfir þeirri stofnun, en um almenna verzlun gildir það ekki.

Ég sé svo ekki ástæðu til að ræða þetta mál frekar, en læt í ljós þá von mína, að þeir flokkar, sem voru á móti þál. þeirri um skipun n. til að úthluta bifreiðum, sem fram var borin í Sp., sjái sér fært að breyta ákvæðunum um þetta til batnaðar á næsta þingi eða þá fá því framgengt, að niður verði lögð þessi stofnun, sem hlotið hefur ákveðnara vantraust á Alp. en nokkur önnur ríkisstofnun.

Umr. frestað. _____

Fr. var ekki á dagskrá tekið fram.

8. Launabætur embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins (frv. SigfS og ÁkJ).

Á 3. fundi í Sp., 7. ágúst, var útbýtt frá Nd.: Frv. til l. um hækkun á launum embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins og ríkisstofnana (þmfrv., A. 10).

Á 4. fundi í Nd., 10. ágúst, var frv. tekið til l. umr.

Flm. (Sigfús Sigurhjartarson): Herra forseti. — Frv. það, sem hér liggur fyrir til umr., fer fram á allverulega grunnkaupshækkun til handa embættismönnum og öðrum starfsmönnum hins opinbera. Svo er ráð fyrir gert samkvæmt frv., að á 6 þús. kr. laun komi 30% hækkun, en 15% á það, sem þar er fram yfir. Ekki skal þó greiða neina hækkun á þann hluta launanna, sem fer fram yfir 9 þús. kr. grunnlaun á ári. Það munu ekki vera skiptar skoðanir um það meðal þm., að á því sé knýjandi nauðsyn, að bætt verði kjör opinberra starfsmanna og embættismanna ríkisins. En ef einhver efi skyldi vera um þetta í hugum einhverra hv. þm., þá held ég, að hann mundi hverfa, ef þeir kynntu sér til hlítar, hvernig launakjör þessara manna eru. Ég hef fengið nokkrar upplýsingar um þetta hjá skrifstofu fjmrn. og einnig hjá fræðslumálaskrifstofunni, og fara þar hér á eftir:

Sýslumenn hafa í byrjunarlaun kr. 4746.00, en hámark kr. 5200.00.

Bæjarfógetar, byrjunarlaun kr. 5000.00, en hámark kr. 5600.00.

Hér er innifalin gamla dýrtíðaruppbótin. Auk þess hafa embættismenn þessir skrifstofufé úr ríkissjóði, svo og nokkrar aukatekjur. Loks fá þeir verðlagsuppbætur eftir almennum reglum. Á s. l. ári var þeim greidd sérstök uppbót, kr. 2000.00 hverjum, og skilst mér, að gert hafi verið ráð fyrir, að svo yrði framvegis.

Læknar hafa að byrjunarlaunum kr. 3125.00—3500.00, en hámarkslaun eru ýmist kr. 4600.00 eða kr. 4980.00. Læknar í fámennum héruðum fá hámarkslaun frá upphafi. Aukatekjur miklar, svo sem kunnugt er. Héraðslæknum er greidd verðlagsuppbót af kr. 650.00 á mánuði.

Háskólakennarar hafa kr. 8000.00 í hámarkslaun, nema þeir, sem jafnframt eru yfirlæknar við Landsspítalann. Þeir munu alls hafa 11000 kr. Byrjunarlaun prófessora eru kr. 6950.00. Byrjunarlaun dósenta eru kr. 6036.67, en hámarkslaun kr. 9590.00. Hér við bætist verðlagsuppbót eftir almennum reglum.

Prestar hafa allir hámarkslaun frá byrjun, fulla aldurshækkun, kr. 3500.00 auk embættiskostnaðar. Nú hefur ríkisstj. ákveðið að greiða prestum verðlagsuppbót af kr. 650.00 á mánuði frá 1. jan. s. l. að telja.

Þá koma kennarar.

	Byrjunarlaun	Hámarkslaun
Skólastjórar í Reykjavík (Miðbæjarskólinn, Austurbæjarskólinn)	kr. „	kr. 5000.00
Kennarar í Rvík (9½ mán.)	— 2968.00	— 3892.51
Skólastjórar í öðrum kaupstöðum	— „	— 4950.00
Kennarar sömu skóla (9½ mán.)	— 2968.76	— 4092.19
Skólastjórar utan kaupstaða (9 mán.)	— 3000.00	— 3625.00
— — — (8 mán.)	— 2666.67	— 3291.67
Kennarar utan kaupstaða (9 mán.)	— 2437.50	— 3062.50
— — — (8 mán.)	— 2166.67	— 2791.67
Farkennarar í 6 mán.	— 1125.00	— 1500.00

Ég sé ekki ástæðu til þess að fara lengra út í þetta, — ég hygg, að það sé hv. þm. nokkuð kunnugt, að launakjörum þessara manna er þannig háttáð, að við það verður ekki unað. Margir af starfsmönnum hins opinbera hafa orðið að taka að sér ýmiss konar aukastörf til þess að geta séð sér samilega farborða og staðið straum af námsskuldum, og hafa þó þessi aukastörf oft verið unnin á kostnað aðalstarfsins, og má hver maður sjá, hver háski getur af því stafað fyrir hið opinbera. Flestar stéttir þjóðfélagsins geta nú bætt kjör sín með frjálsum sam-tökum, en embættismenn ríkisins hafa hér aftur á móti orðið útundan með það að fá kjör sín bætt, þar sem þeir hafa átt það undir náð þings og stj. Ef ekki verður bráðlega úr þessu bætt, vofir sú hættu yfir, að opinberir starfsmenn hverfi úr stöðum sínum og til annarrar vinnu, sem betur er launuð. Það er þegar farið að brydda á því, að fólk í opinberri þjónustu sé farið að segja upp störfum sínum. Það má því ekki dragast lengur, að á þessu fáist lagfæring.

Ég vil að endingu leggja áherzlu á það, að Alb. fari ekki að veita eins konar aukadýrtíðar-uppbót á laun starfsmanna sinna, heldur verði grunnlaunin hækkuð. Ég veit að visu, að það hefur verið sagt, að til stæði, að endurskoðuð yrðu öll launalögin, það hefur meira að segja verið skipuð mþn. í því skyni, og hún hefur birt till. sínar, en frekar hefur ekki verið við því máli hreyft. Alb. ber því að samb. grunnlaunahækkun þá, sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Það er að visu ekki hægt að segja um það, hve mikil útgjöld þessi 30% hækkun mundi þýða fyrir ríkissjóð, en ég ætla, að það sé ekki óvarlegt að áætla, að hún yrði 5 millj. kr., og þá mundi grunnlaunahækkunin nema 1½ millj. kr. Þar við bætist svo dýrtíðaruppbót, eins og hún kann að verða á hverjum tíma.

Það kann vel að vera, að einhverjum hv. þm. þyki þetta verulegar upphæðir, en ég verð að segja það, að þegar litíð er á heildarafkomu þjóðfélagsins, þá er hér ekki um háar upphæðir að ræða. Ég hef engu frekar við þetta að bæta. Ég vil aðeins óska eftir því, að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

Stefán Jóh. Stefánsson: Það er alveg sjálf-sögð réttlætiskrafa, að launamenn ríkisins fái einhverjar bætur á laun sín, eins og nú er hög-um háttáð í landinu. Fulltrúar Albfl. í Ed. hafa borið fram frv., sem segja má, að sé í höfuð-atríðum samhljóða þessu frv.

Eins og hv. frsm. þessa frv. tók fram, er það engum vafa bundið, að launakjör opinberra starfsmanna eru í fullkomnu ósamræmi við laun

Alpt. 1942, C. (60. löggjafarþing).

annarra stétt í landinu og þurfa því lagfæringar við. Albfl. vill því taka frv. það, sem hér liggur fyrir, til vinsamlegrar athugunar og ná saman endum þessara mála sínu í hvorri d.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fara að vekja neinar óþarfa deilur um þetta mál.

ATKVGR.

Fr. v. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 22 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dag-skrá tekið fram.

9. Lögreglumenn.

Á 5. fundi í Nd., 12. ágúst, var útbýtt:

Fr. til l. um lögreglumenn (þmfrv., A. 40).

Á 7., 8., 10. og 11. fundi í Nd., 14., 18., 20. og 21. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 13. fundi í Nd., 24. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Flm. (Áki Jakobsson): Við flytjum hér saman, ég og hv. 1. landsk. þm., frv., sem er aðallega breyt. á gildandi l., sem samb. voru í des. 1939. Höfuðbreyt. eru í fyrsta lagi að takmarka mjög verulega vald dómsmrh. í l. um lögreglumenn, bæði að því er snertir tölu lögreglumanna og tæki þeirra. Það hefur mikið verið um það rætt, að fyrrv. dómsmrh. hafi á sínum tíma keypt miklar vopnabirgðir, sem áður voru ekki taldar nauðsynlegar fyrir lögregluna.

Það hefur enginn viljað kannast við það úr ríkisstj. að hafa haft þau vopnakaup með hönd-um. Það virðist full ástæða til þess nú að taka þetta vald aftur til baka og sjá um, að þessum vopnum verði fargað. Ég tel ekki viðeigandi, að islensk lögregla hafi með höndum vélbyssur og citurgas eins og komið hefur fram, að verið hef-ur. Ég tel, að allir eigi að sameinast um það, að þessi vopn verði lögð niður. Ég hef hins vegar ekki fengið upplýsingar um það, hvar vopnin eru, hins vegar hefur það upplýstst, að til þessara vonakaupa hefur verið varið 74 þús. kr. úr ríkissj. Hins vegar gat hæstv. dómsmrh. ekki gefið fullkomnar upplýsingar um þetta, er hann var um það spurður í bæjarstj.

Það má ekki koma fyrir í lýðræðisþjóðfélagi, að ráðh. í stj. geti á eigin spýtur skapað sér

her og valið í hann menn. Þessi vopn mundu eflaust verða notuð til þess að gera út um íslenzk málefni, en ég get ekki gengið inn á, að tekið sé til slíkra ráða til þess að útkljá íslenzk málefni. Í öðru lagi er í þessu frv. farið fram á, að starfsmenn Skipaútgerðar ríkisins og starfsmenn varðskipanna séu leystir undan þeirri kvöð að vera nokkurs konar lögreglumenn. Þessir menn eru ekki ráðnir til þeirra hluta, og þeir kæra sig ekki um það. Ég veit, að starfsmenn varðskipanna vilja ógjarnan vera kvaddir til lögreglustarfa. Í öðru lagi er lagt til, að ósamræmi það, sem nú er í þessum málum, verði lagfært, sem sagt það, að bæjarsjóðirnir séu látnir borga kostnaðinn við lögregluhaldið, en bæjarstj. fái hins vegar engu um skipan eða starfshætti lögreglunnar að ráða. Ég álit, að það sé ekki hægt að hafa þetta ósamræmi lengur í þessum málum. Mér sem bæjarstjóra hefur reynzt þetta svo, að mjög erfitt sé að fá lögreglustjóra til þess að skipta sér af öðrum málum en þeim, sem beinlínis eru glæpamál. Það getur vel verið, að það sé nauðsynlegt, að lögreglan leggi áherzlu á að upplýsa glæpamál, en ég álit, að reynslan hafi sýnt það, að verkefnið eru ekki fyrst og fremst á því sviði, heldur að halda uppi reglu og líta eftir, að ýmsum ákvæðum sé fylgt, svo sem byggingarsamþykktum, heilbrigðissamþykktum o. s. frv. Ég álit sem sagt nauðsynlegt, að bæjarstj. ráði meira yfir lögregluliðinu en verið hefur. Það er þess vegna nauðsynlegt, að þetta mál verði athugað rækillega. Ég skal svo ekki hafa um þetta fleiri orð, en vil leggja til, að málinu verði vísað til n. til nánari athugunar.

Umr. (atkvgr.) frestað.

Á 14. fundi í Nd., 25. ágúst, var fram haldið 1. umr. um frv.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 21 shlj. atkv. og til allshn. með 24 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

10. Hvildartími háseta á botnvörpuskipum.

Á 5. fundi í Nd., 12. ágúst, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 53 frá 27. júní 1921, um hvildartíma háseta á íslenzkum botnvörpuskipum, og l. nr. 45 7. maí 1928, um breyt. á þeim l. (þmfrv., A. 42).

Á 7. fundi í Nd., 14. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Forseti tók málið af dagskrá.

Á 8. fundi í Nd., 18. ágúst, var frv. aftur tekið til 1. umr.

Flm. (Ísleifur Högnason): Herra forseti. — Um vinnutíma íslenzkra sjómanna eru togara-

vökulögin frá 1921. En þá var ákveðið, að vinnutíminn á togurum skyldi vera takmarkaður þannig, að hver háseti skyldi hafa 6 tíma hvíld á sólarhring. Árið 1928 var vinnutíminn svo stuttur þannig, að hvildartíminn varð 8 klst. Samkvæmt 2. gr. þeirra l. eru ákvæði um það, að hverjum háseta sé skylt að vinna 16 klst. á sólarhring. En ég efast um, að í l. nokkurrar annarrar þjóðar séu ákvæði, sem skylda menn til að vinna svo lengi, því að 16 klst. vinnutími er allt of langur vinnutími, og er ekki við unandi fyrir sjómenn að vera skyldaðir til svo langs vinnutíma, nema brýn nauðsyn krefji. Nú er upplýst, að á togurum frá Norður-Ameríku og víðar er vinnutíminn stuttur í 12 klst. Þeir skoða það ekki þar svo, að það skaði útgerðina, þó að vinnutíminn hafi þar verið stuttur í þetta, og það skaðar ekkert aflabrögðin, þau eru eins mikil og áður. Þessi stytting vinnutímans, sem þar hefur átt sér stað, er óneitanlega mikil kjarabót fyrir sjómenn. Ég skal ekki að óránskuðu máli slá því föstu, að það mundi ekki einhver áhrif hafa á afla flotans, ef hvildartíminn væri lengdur í 12 klst. á sólarhring. En ég ætlast til þess, að málið gangi til n., og að sú n., sem um málið fjallar, rannsaki gaumgæfilega, hvort þessi 16 klst. vinnutími sé ekki óþarflega langur. Ég hef talað við nokkra sjómenn og skipstjóra, og þeim kemur saman um, að 16 klst. vinnutími á togurum sé ekki annað en úreitt form, a. m. k. er á ísfiskveiðum engin þörf á að hafa svo langan vinnutíma.

Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta. En ég vonast til þess, að hv. þdm. samþykki að vísa þessu máli til 2. umr. og n. sú, sem fjallar um málið, rannsaki það gaumgæfilega, því að það er svo mikils virði að fá þetta lagfært fljótt. Álit ég, að menn ættu ekki að spara sér ómak til þess að komast fyrir um það, hvort það, sem í frv. er farið fram á, sé ekki framkvæmanlegt.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 18 shlj. atkv. og til sjútvn. með 23 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

11. Vatnasvæði Þverár og Markarfljóts.

Á 8. fundi í Nd., 18. ágúst, var útbýtt:

Frv. til l. um breyt. á l. nr. 27 23. júní 1932, um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts (þmfrv., A. 74).

Á 9. fundi í Nd., 19. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 19 shlj. atkv.

Flm. (Ingólfur Jónsson): Herra forseti. — Með l. frá 1932 um samgöngubætur og fyrirhleðslur á vatnasvæði Þverár og Markarfljóts var ákveðið að brúa Þverá, Affall og Ála og

einnig að byggja garð og hlaða fyrir Þverá þannig, að hún rynni í farveg Markarfljóts. Með þessum l. sýndi hæstv. Alþ. vinsemd og skilning á þessu máli, og ber að þakka það. Þá var einnig stigið stórt spor í samgöngumálum, ekki einungis fyrir Rangárvallasýslu, heldur fleiri hér-ud, með því að brúa þessi stóru og miklu vötn. Með þessum l. var ákveðið, að ríkissjóður skyldi taka að sér að greiða $\frac{1}{3}$ hluta af þeim kostnaði, sem af fyrirhleðslu Þverár stafaði, en $\frac{2}{3}$ hluta af öðrum varnargörðum og fyrirhleðslum, sem eru á þessu vatnasvæði. Nú hefur það komið í ljós, að kostnaðurinn við þessa fyrirhleðslu er geysimikill. Það hefur komið í ljós, að sá kostnaður, sem lagður er á sýslusjóð Rang. með þessum framkvæmdum, er mikill, og mun sýslufélaginu reynast erfitt að standa undir þeim kostnaði. Ef málið er athugað gaumgæfilega, má sjá það, að það er tæpast sanngjarn, að sýslusjóður Rangárvallasýslu taki að sér að greiða kostnað við þessar framkvæmdir, vegna þess að þær eru ekki einungis til þess að vernda landið fyrir skemmdum, heldur einnig, og jafnvel aðallega, getur þetta talizt samgöngumál. Þegar brýr voru settar á Þverá, Affall og Ála, voru þær settar sem bráðabirgðabryr með það fyrir augum, að þessum vatnsföllum yrði veitt í Markarfljót. Ef nú þetta fyrirtæki reyndist það kostnaðarsamt, að sýslusjóður Rangárvallasýslu reyndist þess ekki megnugur að standa undir þeim hluta kostnaðar, sem honum var ætlað, og verkið jafnvel stöðvast af þeim sökum, þá kemur að því, að ríkissjóður verður aftur að byggja brýr yfir Þverá, Affall og Ála, og fullyrði ég, að það yrði mörgum sinnum dýrara en þótt ríkissjóður bætti við sig $\frac{1}{2}$ hluta kostnaðar, sem sýslusjóði Rangárvallasýslu er ætlað að standa straum af. Á síðustu fjárlögum var veitt til fyrirhleðslunnar 75 þús. kr., en í síðasta fjárlagafrv. er ætlað til þess, að þetta verði 125 þús. kr. Ef árlega er unnið að þessu fyrirtæki fyrir 125 þús. kr., sem brýn þörf er á, þá verður sá skattur, sem sýslusjóður Rangárvallasýslu verður að greiða, 15—20 þús. kr., eftir því hvar unnið er. Ef ríkissjóður tæki að sér að greiða kostnaðinn af öllu verkinu, þá verður hann að bæta við sig 10—20 þús. kr. miðað við það, sem ákveðið var með l. 1932. Ég verð að segja það, að þó að þetta sé þungur baggi fyrir sýslusjóð Rangárvallasýslu, þá eru það smámunir fyrir ríkissjóð, sérstaklega þegar þess er gætt, að hér er um samgöngumál að ræða, og ríkissj. verður að byggja brýr yfir fyrirtaldar ár, ef þetta verk verður ekki framkvæmt.

Það er þess vegna von mín, að hv. alþm. líti á þetta mál með velvild og skilningi og greiði þessu frv. atkv. Ég vildi leggja til, að frv. verði að lokinni þessari umr. vísað til 2. umr. og fjhn.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 19 shlj. atkv. og til fjhn. með 21 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið framar.

12. Skipaafgreiðsla Eimskipafélagsins.

Á 8. fundi í Nd., 18. ágúst, var útbýtt:

Frv. til l. um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka að sér skipaafgreiðslu Eimskipafélags Íslands h/f (þmfrv., A. 75).

Á 9. fundi í Nd., 19. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samp. með 20 shlj. atkv.

Flm. (Einar Olgeirsson): Þetta frv. er flutt af okkur þm. Sósíalistafll. og er þess eðlis, að það æskir þess, að afstaða Alþ. komi fram nú þegar. Ég býst við, að það sé öllum hv. þm. kunnugt, að tilefnið til þessa er, að öll vinna við vöruskip Eimskipafél. hefur fallið niður og hafði stj. ameríska setuliðsins tilkynnt það í gær, að hún mundi láta herinn annast uppskip-ningu þessa, ef ekki yrði neitt gert í þessu máli. Ég býst við, að við munum allir gera okkur það ljóst, hvaða afleiðingar það mundi hafa, ef við sýndum í reyndinni, að við værum ekki færir um að halda uppi stj. í landinu. Það er nauðsynlegt, að það komi fram strax, að við séum færir um að ráða fram úr vandamálum okkar, því að þessi vandamál eru þess eðlis, að það verður að finna leið til þess að ráða fram úr þeim þegar í stað.

Þetta frv. miðar þess vegna beinlínis að því, að Alþ. leysi vandamál þessi og tryggji gegn þeirri hættu, sem öllum hv. þm. er ljóst, að vofir yfir þjóðinni, ef þessi vandi er látinn halda áfram. Við förum fram á það í þessu frv., að ríkisstjórnin fái heimild til þess að taka að sér skipaafgreiðslu hjá Eimskipafélagi Íslands. Viljum við þar með sjá um, að skipin verði afgreidd, sem Eimskipafélag Íslands á sjálft, og þau, sem það hefur á leigu, til þess að tryggja, að siglingar stöðvist ekki, vegna þess, að skipin séu ekki afgreidd, sem af geta hlotizt alvarlegar afleiðingar fyrir þjóðina, og það verði gert á þann hátt, eins og grg. ber með sér, að gengið verði að þeim kröfum, sem verkamenn gera, og þeim verði greitt það kaup, sem þeir fara fram á. Það er nauðsynlegt, að menn geri sér það ljóst, hvað mælið með því, að gengið verði að þessum kröfum. Ég þykist vita, að sumir hv. þm. áliti, að hægt sé að láta verkamenn afstýra þessu sjálfa. En verkamenn eru nú búnir að biða í meira en hálfan mánuð eftir því, að gengið yrði að kröfum þeirra. Þeir gáfu fyrst þó nokkurn fyrirvara í næst síðustu viku, féllust síðan á að biða nokkuð, þ. e. a. s. í fyrri viku lögðu þeir niður vinnu, en tóku hana upp aftur vegna þess, að vinnuveitendafélagið lofaði þeim því að gera samninga við Dagsbrún ekki síðar en á mánudag. Síðan hafnaði vinnuveitendafélagið þeim till., sem fram höfðu komið. Verkamenn eru því búnir að biða svo lengi, að það er engin afsökun fyrir því, að beðið sé lengur með að semja um kaup verkamanna.

Kröfur verkamanna eru þær, að kaupið verði hækkað upp í 2.00 kr. á klst. og 2.25 kr. í skipavinnu og herra við sementsvinnu. Þetta þýðir

16.00 kr. grunnkaup á dag í almennri vinnu, eða 400.00 kr. grunnkaup á mánuði. Og ég býst við, að enginn sé sá maður hér á þingi, sem vilji mótmæla því, að verkamenn eigi rétt á því að hafa 400.00 kr. grunnkaup á mánuði til þess að framfleyta fjölskyldum sínum. E. t. v. þekkir einhver hv. þm. sjálfur, hvernig það er að lifa af 400.00 kr. grunnkaupi á mánuði hér í Reykjavík. Og þeir hv. þm., sem ætla að lifa hér í Rvík á sínu þingfararkaupi einu saman, sem ég hygg, að sé eitthvað líkt því, sem þarna er farið fram á af verkamönnum, þeir vita, hvernig er að framfleyta fjölskyldu af því. 400.00 kr. grunnkaup á mán. nálgast það, að hægt sé að veita sér svona nokkurn veginn sómasamlegt líf með því. Hitt er viðurkennt hjá menningarþjóðum mörgum, að vinnudagurinn eigi að vera 8 klst. og sá vinnutími eigi að nægja til þess að framfleyta fjölskyldu. Það, að verkamenn hér hafa ekki knúð fram 8 stunda vinnudag, stafar af því, hve hörmulegt ástandið hefur verið í atvinnu-málunum hér á landi síðustu áratuginum. Atvinnurekendur hafa getað haldið niðri kaupverkamanna og þeim kjarabótum, sem knúðar hafa verið fram erlendis. Ég býst við, að hv. þm. neiti því ekki, að þetta sé sanngirniskrafa. Og ég hygg, að enginn dírfirst að halda því fram, að atvinnuvegirinn beri ekki þetta kaup. Þegar svo ofan á þetta bætist, að öll vandamál þjóðarinnar hafa fram að þessu verið leyst á þann hátt, að hagsmunum verkamanna hefur verið fórnnað með því, að hæstv. Alp. sjálft hefur grip-ið inn í og gefið út l. ár eftir ár, sem hafa bannað verkamönnum að hækka sitt kaup, og það á sama tíma, sem stríðsgróðinn hefur flæ! inn í landið í milljónum króna, — þegar fortíðin er þannig, þá virðist mér ekki ná nokkurri ált að halda því fram nú, að verkamenn eigi nú enn einu sinni að fórna, heldur álit ég, að það eigi, eins og málin standa nú, að ganga orðalaust að þeirra kröfum. Ég álit það að öllu leyti sanngirniss- og réttlætismál, sem verkamenn fara fram á með kröfum sínum.

En sanngirni og réttlæti eru e. t. v. ekki þau rök, sem alveg eru nægilega sterk til þess að ráða gerðum hæstv. Alp. Þess vegna eru það önnur rök, sem ég vil leyfa mér að flytja hér fram og ég býst við, að hafi meiri áhrif. Þau rök eru, að verkamenn hafa nú vald til þess að geta fylgt þessum kröfum sínum eftir. Það er ekki hægt fyrir neitt islenzkt vald að beygja verkalyðssamtökin í þessari viðureign. Og það eru staðreyndir, sem ég vil a. m. k. vonast til, að raunhæfir menn horfast í augu við. Eins og nú standa sakir, er ekki hægt að leysa þessa deilu gegn andstöðu verkamanna. Verkamannastéttin í landinu er sem stendur of sterk til þess, að það sé hægt að knýja hana til þess að fórna nú enn einu sinni. Hún veit sjálf, að hún hefur fyrir réttum málstað að berjast. Og hún hefur, sem hún hefur ekki alltaf haft áður, nægilegan kraft til þess að knýja fram málstað sinn. Þá er spurningin um það, hvort hv. þm., sem stjórna málum Íslendinga, skilja þessar staðreyndir, meta þær og breyta eftir þeim, eða hvort þeir reyna að berja höfðinu við steininn með þeim afleiðingum, sem okkur öllum hljóta að vera

ljósar. Það er auðvelt að leysa þessa deilu. Og það er aðeins hægt að leysa hana á kostnað atvinnurekenda. Og það þarf ekki meira til heldur en Alp. láti vilja sinn í ljós þannig, að það muni samþ. frv. sem þetta, til þess að vinnuveitendafélagið og Eimskipafélag Íslands gangi að kröfum verkamanna. Ég þykist þess fullviss, ef Alp. lætur þann vilja sinn í ljós, að það muni leysa þessa deilu, þá muni vinnuveitendur þeir, sem hlut eiga að máli, ekki bíða eftir samþ. frv., heldur leysa deiluna strax. Hins vegar er ekki eftir neinu að bíða í sambandi við þetta mál. Ameríska herstjórnin tilkynnti í gærkvöldi, að hún mundi taka uppskipun þessa í sínar hendur, ef ekki yrði hafin vinna, og hún mun taka uppskipunina í sínar hendur, verði ekki hafin vinna við höfnina mjög bráðlega. Hún hefur ekki gert það enn, en má búast við, að hún geri það innan skamms. Og það reynir nú á það, hvort hægt er að bregða fljótt við eða ekki. Það er oft sagt, að aðferð þingræðisins drepri það, þingið sé ófært um að taka skjótar og réttar ákvarðanir. Ég held, að afstaðan gagnvart þessari deilu verði prófsteinn á okkar þing um það, hvort það getur tekið skjótar og réttar ákvarðanir um mál, sem þjóðinni getur stafað stór hætta af.

Ég þykist vita, að þær mótbárur muni koma fram, að það sé ekki rétt að beygja atvinnurekendur raunverulega til undanláts í þessu efni, eins og mundi verða afleiðingin af samþykkt þessa frv., og með því væri verið að skerða samtök atvinnurekenda og gera þeim erfiðara fyrir í framtíðinni, hvað snertir það að beygja verkamenn undir vilja sinn. Ég verð að segja það, að á tímum eins og þessum verður Alp. Íslendinga að þora að horfast í augu við það að beygja atvinnurekendur undir vald sitt. Alp. Íslendinga hefur ár eftir ár á síðustu árum gengið þannig á móti samtökum verkalyðsstéttarinnar og svipt verkalyðsfélögin rétti til þess að ákveða kaupgjald sitt. Ég vil spyrja: Þorir þetta sama þing ekki að beygja atvinnurekendur einu sinni, þannig að þeir fái að vita, að Alp. sé ósmeykt við að leysa vandamál á kostnað atvinnurekenda? Það kemur til með að reyna á það, hvort einhverjir hv. þm. eða þingflokkar eru svo ánetjaðir ýmsum atvinnurekendum, að þeir ekki vilja ganga inn á það, sem nauðsynlegt er fyrir þjóðfélagsheildina. Ég held þess vegna, að þetta frv. og framkvæmd ríkisstjórnarinnar á því, ef það verður að l. mundi í fyrsta lagi leysa þessa deilu strax á réttlátan hátt og áhrifaríkan. Í öðru lagi held ég, að það, að Alp. láti vilja sinn í ljós til þess að samþ. svona frv., eins og atvinnurekendur standa þar harðvítuglega á móti, verði til þess að sýna, að til er vilji hjá Alp. til þess að leysa málin án þess að taka tillit til vilja atvinnurekendastéttarinnar og fá hana til þess að beygja sig.

Það er ekki aðeins óvitlegt að ætla að neita verkamönnum um að ganga að þeim kröfum, sem þeir halda fram. Það væri heimska að berja þannig höfðinu við steininn og ætla að standa á þann hátt á móti sterkasta valdinu, sem nú er til í okkar þjóðfélagi, því valdi, sem við sem raunhæfir stjórnmálamenn, hvaða afstöðu sem við höfum til mála annars, hljótu fyrst og

fremst að „respektera“. Það hefur sýnt sig á meðan atvinnurekendastéttin hafði þá aðstöðu vegna peninga sinna og yfirráða yfir verkamönnum, þá beygði Alþ. sig fyrir þeirra sérhagsmunum. Það sýna skattfrelsisl. og þrælal. frá 1939 og síðar. Það, að þau l. voru sett, var e. t. v. ekki aðeins af því, að viðkomandi þm. væru beinlínis undirgefnir atvinnurekendum þannig, heldur var það e. t. v. líka hitt, að beygja sig fyrir því valdi, sem sterkast var. Ég veit ekki, hvort hv. þm. hafa áttað sig á því, hvaða breyt. hafa orðið í okkar þjóðfélagi upp á síðkastið í sambandi við þetta. En ég held, að það sé nauðsynlegt, að hv. þm. geri sér það ljóst, og það eru síðustu forvöð að gera það nú þegar. Því að svo framarlega sem við leysum ekki þessa deilu, hlýtur hún að verða leyst af utan að komandi valdi, sem menn óska ekki eftir, að komi til sögunnar. Það er vitanlegt, að sáttanefnd hefur verið skipuð til þess að athuga möguleika til sáttu. Hún sat á rökstólum í allan gærdag. Enginn árangur hefur orðið af því. Ég fór fram á það í gær, að þetta mál væri tekið með afbrigðum inn á dagskrána. Hæstv. ríkissj. vildi ekki ganga inn á það þá.

Ég álit, að það væri nauðsynlegt fyrir málið, að strax við fyrstu atkvgr. kæmi það fram, hvaða afstöðu þingflokkarnir hafa til þess. Ég vildi mega æskja þess, að þeir, sem „prinsípialt“ eru á móti frv. og geta ekki hugsað til að fara inn á þessa leið, þeir greiði atkv. móti því við 1. umr. Ég geri þessa till. vegna þess, ef þetta frv. fer þannig gegnum 1. umr. og verður sent til n. og það er gert á venjulegan hátt, þá getur það farið gegnum allar umr., og mundi það verka út á við. En það er nauðsynlegt, að minu álit, að það komi álit frá Alþ. um þetta mál strax í dag. Ég vildi þess vegna mælast til þess, að hv. þm. létu skoðun sína í ljós á þessu máli nú strax við 1. umr. En ef hv. þm. ekki treysta sér til þess, vildi ég mega vanta þess, að hæstv. forseti vildi leyfa afgreiðslu þessa frv. með afbrigðum, þannig, að þótt því yrði vísað til n. nú, þá tæki n. það þegar fyrir til þess að reyna helzt í dag að halda áfram með það. Ég held, að ástandið sé það alvarlegt, að það sé alveg hreint óhætt að bregða út af þeim venjulegu vinnubrögðum, sem höfð eru í þinginu, og afgreiða þetta mál eins og þau mál, sem mikið liggur á. Hæstv. Alþ. hefur vitað, að þetta verkfall hefur vofað yfir, og það í hálfan mánuð, og engar ráðstafanir hafa verið gerðar. Það er þess vegna ekki nema réttmætt, að það vinni nú upp það aðgerðaleyfi með því að hraða gangi málsins nú til þess að bæta upp að nokkru það, sem tapast hefur af tíma undanfarið.

Leyfi ég mér svo að leggja til, að frv. verði vísað til 2. umr. og allshn.

Ingólfur Jónsson: Það verður ekki hjá því komizt að hugsa um það alvarlega ástand, sem nú ríkir hér við höfnina, og hvernig það gengur yfirleitt með siglingar okkar. Það er yfirlýst, að skipin fari nú ekki nema 4 ferðir á ári, þannig að það taki 3 mánuði að fara hverja ferð. Það er oft og einnelt vegna þess, hve lengi er verið að afgreiða skipin, bæði hér og erlendis, og líka

a. n. l. vegna þess, að þau þurfa að biða eftir því að komast í skipafylgd. En það er alvarlegur hlutur, að því hefur verið yfirlýst, að helmingur þess skipakosts, sem við höfum haft á leigu undanfarið, verði tekinn úr leigu og skipin hér á höfninni eru ekki afgreidd. Ég skal ekki leggja neinn dóm á það, hvort kröfur verkamanna í þessu efni eru ósanngjarnar eða ekki. En ég get lýst því yfir, að ég er ekki neinn kaupkúgunarmaður og vil ekki stuðla að því, að verkamenn sitji við slæman hlut. Ég ætla ekki að ræða um það, hvort verkamenn eigi að fá kaupupp-bót eða ekki. En ég álit óforsvaranlegt á tímum þeim, sem við nú lifum á, með þeim litla skipakosti, sem við eigum kost á, að koma vinnustöðvun á við afgreiðslu skipanna. Og ég álit, að verkamenn hefðu getað komið kröfum sínum fram án vinnustöðvunar. Ég álit, að þeir hefðu getað gefið nægilega langan tíma, til þess að hægt væri að undirbúa málið. Þeir gátu haldið áfram vinnu meðan samningar stóðu yfir. Ég álit, að á þessum tímum sé það ábyrgðarhluti og beri vott um ábyrgðarleysi að stofna til vinnustöðvunar. Verkamenn og verkamannafélög geta sett sínar kröfur fram, en þau eiga að sýna þá ábyrgðartilfinningu og þegnskap að halda vinnu áfram undir þessum alvarlegu kringumstæðum meðan samningar standa yfir. Nú liggur fyrir í þjóðfélagi okkar að taka upp allsherjar samninga við verkalýðsfélögin, og ég er því fylgjandi. Ég geri mér ljóst, að verkalýðurinn í landinu er afl, sem ekki er hægt að ganga fram hjá, og það er ekki hægt annað en að semja við verkamenn. En þegar vinnuveitendur ganga að samningsborðinu, gera þeir þær kröfur á hendur verkalýðsfélögunum, að þau standi við gerða samninga. Og þegar nú vinnuveitendur og verkalýðsfélög taka upp samninga, þá skora ég á þá, sem miklu ráða í þeim félögum, að stuðla að því, að vinnustöðvun verði ekki, meðan samningar standa yfir, og stuðla að því, að samningarnir verði haldnir og ekki komi fram brot á samningunum stuttu eftir að þeir eru undirskrifaðir, því að upp á slikt þýðir ekki að semja. En ég tel það í hæsta máta háskalegt, að skipin hér við höfnina skuli vera stöðvuð. Mér var sagt það í morgun af einum hv. þm., að ameríska herstjórnin væri farin að skipa upp úr einhverju af skipunum, sennilega skipi eða skipum, sem þeir sjálfir eiga. En þar er um að ræða, að ameríska herstjórnin er farin að vinna verk, sem íslenskum verkamönnum er ætlað að vinna. Og eitt er víst, eins og síðasti ræðumaður tók fram, að ameríska herstjórnin hefur gefið ábendingu um það, ef Íslendingar leystu ekki þessi mál sjálfir, að hún mundi láta til skarar skriða. Hv. 2. þm. Reykv. (EOL) sagði, að ef við ekki leystum fljótt þessa deilu, mundi erlent vald hlutast til um, að deilan yrði leyst, og ég hygg, að þeir muni ferri, sem óska eftir því, að erlent vald hlutist til um mál okkar. Og það er slæmt, ef Íslendingar geta ekki sjálfir ráðið sínum eigin málum og forðazt það að vinna stöðvist við höfnina á þessum háskasömu tímum.

Ég held, að það geti verið háskalegt í þessu máli, að biða með að leysa deiluna eftir því, að þetta frv., sem hér liggur fyrir Alþ., verði

afgreitt og gert að l. Þetta er lagafrv. og verður að ganga í gegn um báðar d. Alp., 6 umræður, og það er ekki hægt að hespa það af á einum degi (EOI: Jú, það er hægt.) En það má ekki dragast, að þessi deila verði leyst, þannig að islenskur verkalýður fari aftur að vinna hér við höfnina. Og það má aldrei henda, að ameríska herstjórnin hlutist til um mál, sem koma okkur einum við.

Finnur Jónsson: Það er skaði, að hv. 5. landsk. þm. (IngJ) skuli ekki hafa verið hér á Alp. í vetur, þegar verið var að afgreiða gerðardómsl. Hefði hann þá getað lagt sitt lóð á vogarskálina og komið í veg fyrir, að þau yrðu samb. Því að ástandið, sem skipazt hefur hér við Rvíkurhöfn og annars staðar í vinnumálum, sem er mjög alvarlegt, er ein af afleiðingum gerðardómsl. og hefði aldrei komið til, ef þau l. hefðu ekki verið afgreidd hér á hæstv. Alp. Þess mega þeir flokkar minnast, sem stóðu að því þá að setja þessi l. Nú er vitanlegt, að það ástand, sem hefur skipazt vegna gerðardómsins, það væntanlega lagast nú aftur, þegar gerðardómurinn er afnuminn og verkalýðsfélögin fá aftur til umráða mál sín og verða frjáls að því að semja við atvinnurekendur, svo að í staðinn fyrir þann smáskæruhernað, sem verkamenn hafa ekki óskað eftir að taka upp, geti komið reglulegir kjarasamningar, sem þá gildi um ákveðinn tíma.

Nú er það svo um það mál, sem hér liggur fyrir, að það má vel vera, að það þurfi mjög bráðrar úrlausnar. Hv. 5. landsk. sagði, að það væri ekki hægt að afgreiða þetta í frumvarpsformi, af því að það tæki svo langan tíma. Nú er þetta ekki rétt, því að ef samkomulag er um að afgreiða eitt mál, er hægt að láta það ganga í gegnum sex umr. á stuttum tíma. Sé það rétt, sem fullyrt er í blöðum hér í bænum, að hin erlenda setuliðsstjórn sé búin að tilkynna sáttasemjara, að hún ætli að taka að sér skipaafgreiðsluna, sem þarf að vinna hér við höfnina, ef ekki verður hafizt þegar handa um áframhald verksins af islenskum mönnum, þá skilst mér, að það ætti ekki að vera neinn ágreiningur um það milli flokkanna í þinginu, að þessu máli þurfi mjög að hraða. Ég hefði viljað spyrjast fyrir um það hjá hæstv. ríkisstjórn, ef nokkur ráðh. skyldi vera nærstaddur, hvað væri í hennar vitneskju í þessu máli og hvað hún hygðist að gera í þessu máli til þess að koma í veg fyrir, að erlent hervald gripi inn í vinnumál okkar hér í landinu. Því að ég geri ráð fyrir, að þingflokkarnir, þó að þá greini á um margt, séu sammála um það, að slíkt sé hvorki æskilegt né þolandi, heldur verðum við að sýna það, að við getum ráðið okkar innanlandsmálum án erlendra-ri ihlutunar.

Ég beini þessum fyrirspurnum til hæstv. ríkisstjórnar. Og ef hún hefur ekki aðrar till. í þessu mál heldur en þær, að þetta frv. verði samb., sem hér liggur fyrir, þá vil ég fá það afgreitt sem allra fyrst.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég hef ekki getað verið viðstaddur umr. þessa frv. vegna þeirra vinnudeilna, sem mér skilst, að frv. eigi að ráða bót á.

Að sjálfsögðu mun þessi ríkisstjórn nú og ævinlega gera allt, sem í hennar valdi stendur til þess að forðast það, að ástæða eða átylla væri gefin erlendu valdi til ihlutunar í málefnum okkar. Og ég lýsi því nú, sem ég vona, að sérhver hv. alþm. lýsi yfir, ef um það er að ræða, hvort erlend ihlutun verði um mál okkar, þá eigi flokkastefnur að vikja fyrir því, að við verðum óháðir allri erlendri ihlutun um mál okkar. Hins vegar álit ég þetta frv. óheillavænlega fram komið. Allir þingfl. vilja taka saman höndum til þess að leysa á friðsamlegan hátt þetta mál. Ég held, að ef litíð er til þeirra, sem mest hafa þarizt í þessu efni, sem eru annars vegar stóratvinnurekendur og hins vegar verkalýðurinn í landinu, þá held ég, að segja megí, að á báða bóga sé fullur vilji á að leysa málið og ríkur skilningur á, að það verði að leysa það að islenskrí ihlutun eingöngu. En þegar sá er vilji okkar allra að bægja þessari vá frá dyrum þjóðarinnar, þá tel ég verr farið, að Alp. á þessu stigi málsins, einmitt þegar verið er að afnema gerðardóminn, með því að samb. slíkt frv., sem hér liggur fyrir, hafi í hótunum um það, ef annar aðillinn sér sér ekki fært að láta undan kröfum hins aðilans þegar í stað, þá muni þing og stjórn taka fram fyrir hendurnar á þessum aðila og taka úr hans höndum þann starfa, sem hann, góðu heilli, hefur haft með höndum öllum til velfarnaðar. Og ég get tilkynnt, að ríkisstjórnin hefur haft svipaða aðstöðu og áhrif um allt, sem hún hefur talið sér rétt að bera fram í óskarformi við þetta félag, rétt eins og ríkið sjálft hefði átt fyrirtækið. Ég hygg, að samb. þessa frv. mundi gera stírðara um vik heldur en þyrfti að vera á meðan á þessum samningum stendur. En ég hygg, að hv. alþm. geti verið sammála um það, að eins og það ríður á miklu, að samningar náist góðir í þessari deilu, þá sé heppilegast, að samkomulag náist gott á milli aðilanna. Ég er því þess vegna andvígur, að þetta frv. skuli hafa komið fram hér. Held ég þó, að allt þurfi ekki að fara í blossa út af því. Ég mun ekki eiga þátt í því, að þetta verði skoðað sem ógnun af hálfu Alp., og ég mælist fastlega til þess, að undirtektir Alp. við þetta frv. verði ekki þær, að þetta frv. verði skoðað af viðkomandi aðilum sem ógrun af hendi þingsins. Ég hygg, að forsvarar verkalýðsins muni skilja það, ef þingið á þessu stigi málsins færi að hóta verkamönnum, væri það til hölvunar einnar. En ég tel skylt, að ríkisstjórnin skoði sig sem umboðsmann þeggja aðila. Og ég skoða mig sem boðbera friðar og sáttu í þessari deilu. En það þætir ekki frið þann, sem þarf að skapa, að við förum að bitast og berjast um þetta frv. hér á hæstv. Alp., enda á það engu síður að ná tilgangi þeirra, sem flytja þetta frv., að því verði vísað til n. og það verði þar athugað — eða þá sofni eftir ástæðum — og hv. nm. geti svo athugað málið með hliðsjón af rás viðburðanna.

Sigfús Sigurhjartarson: Ég álit, að það verði að gera sér þrjú atriði ljós í sambandi við þetta mál. Í fyrsta lagi það, að hafnarvinnan má ekki stöðvast, í öðru lagi, að kröfur verkamanna eru réttmætar, og í þriðja lagi, að verkamenn hafa

í sínum höndum vald til þess að knýja sínar kröfur fram.

Víðvíkjandi fyrsta atriðinu, að vinna við höfnina má ekki stöðvast, ætla ég, að öllum hv. þm. muni vera ljós nauðsynin á því. Og það er vítavert ábyrgðarleysi, ef hæstv. Alb. gerir ekkert til þess að aflétta vinnustöðvuninni. Ástæðurnar til þess, að vinnan má ekki liggja niðri, eru 3 og allar veigamiklar. Í fyrsta lagi þurfum við á því að halda, að siglingar okkar gangi svo greiðlega sem hægt er, eins og nú standa sakir, til þess að forða þjóðinni frá vöruskorti og vandræðum. Í öðru lagi er það stríðsreksturinn, sem þarf þess, að vinnan gangi sinn gang, og við Íslendingar hljótum að óska þess, að stríðsrekstur bandamanna gangi sem greiðlegast, einnig við Rvíkurhöfn, eins og nú er komið. 3. ástæðan er sú, og kannske veigamest, að við hljótum að ganga út frá því sem eðlilegum hlut, ef Íslendingar halda ekki á mánuði. Og allir menn vita, að þar er ekki farið fram á neitt annað en það, sem sanngjarnt og rétt er. Þetta kaup er ekki meira en það, sem fjöldinn þarf til þess að lifa af.

Kröfur verkamanna eru réttmætar, eins og hv. 2. þm. Reykv. (EOI) sýndi fram á í ræðu sinni, og óþarfi er að endurtaka það verulega. Vil ég þó aðeins á það benda, að það, sem verkamenn eru nú að reyna að koma fram með þeim samningum, sem þeir leita eftir að fá samþykkt, er 8 tíma vinna á dag með því grunnkaupi, sem nemur 400.00 krónum á mánuði. Og allir menn vita, að þar er ekki farið fram á neitt annað en það, sem sanngjarnt og rétt er. Þetta kaup er ekki meira en það, sem fjöldinn þarf til þess að lifa af.

Þriðja og síðasta atriðið, sem ég vil drepa á, sem mér virðist, að hv. þm. hafi ekki gert sér fyllilega ljóst, er það, að verkamenn hafa nú vald til þess að knýja fram kröfur sínar, vegna þess að eftirspurnin eftir vinnuaflinu í landinu er meiri en svo, að henni verði fullnægt. Hæstv. ríkisstj. ætti a. m. k. samkvæmt eigin kenningum og kenningum þess flokks, sem hún tilheyrir, að gera sér ljóst, að hér er aðeins á ferðinni lög málið um framboð og eftirspurn, sem leggur verkalýðnum vald í hendur, sem hann hlýtur að nota til þess að knýja fram rétt sinn.

Svo vil ég út af því, sem hv. 5. landsk. (Ing.) minntist á, hvort verkamenn mundu halda samninga þá, sem gerðir yrðu, segja það, að mér er ekki kunnugt um, að verkamenn hafi brotið þá samninga, sem þeir hafa gert við atvinnurekendur. Mér er hins vegar kunnugt um það, að verkalýðsfélög og verkamenn, sem mál þeirra bera fyrir brjósti, eru einhuga um það, að ef þeir samningar nást nú, þá verði þeir haldnir af verkamönnum til hins ýtrasta. Annað mál er, að á því hefur borið hér í þanum, að atvinnurekendur hafa sífellt komið fram með yfirboð í vinnuaflið. Það er eðlileg afleiðing af þeim miklu fjármunum, sem þeir hafa í höndum, sem þeir vilja skapa sér varanleg verðmæti með, ef þeir fá vinnuaflið til þess. Hitt er annað mál, hvort verkamenn taka slíkum yfirboðum, sem fara bak við lög og rétt.

Það hefur ekki verið þannig á málum haldið,

að erfitt hafi þótt að afgreiða mál fljótt, þegar hefur átt að beita ríkisvaldinu móti verkalýðnum. Gengisl., sem fjótruðu alla launþega í landinu, voru samþ. hér á Alb. á einni kvöldstundu. Þannig hafa verið afgreidd 1. til þess að taka valdið af verkamönnum. Og þannig er einuig hægt að afgreiða mál enn, ef það þykir nauðsynlegt.

Ég skal svo víkja nokkuð að ræðu hæstv. forsrh. (ÓTh). Hann telur þetta frv. óheillavænlega fram komið og telur, að það verði ekki nægileg lausn á málinu og að það megi ekki skoðast sem ógnun í garð þeirra, sem stjórn Eimskipafélags Íslands. Mikil er hluttekning þessa hæstv. ráðh. í garð þeirra. Öðruvísi var, þegar um það var að ræða að ógna verkalýðnum og samtökum verkamanna. Þá var ekki verið að segja sem svo, að það mætti ómögulega skoða málið sem ógnun í garð verkamanna. Þá var málunum hraðað, hnefinn settur í borðið og ekki um það hugsað, þó að það skoðaðist sem ógnun. Það er um að gera, að vilji Alb. komi hér í ljós sem ógnun gagnvart þeim mönnum, sem stjórn Eimskipafélags Íslands, sem stöðvuðu vinnuna við Rvíkurhöfn og enn hafa ekki skilið þá afstöðubreyt., sem orðið hefur í landinu, þ. e., að afstaðan hefur breytzt þannig, að verkalýðurinn í landinu hefur valdið í þessum málum, þó að það hafi tekizt 1939 og 1942, fyrr á árinu, að traðka á rétti verkamanna. Þetta ber hæstv. Alb. að skilja. Og ef stjórn Eimskipafélags Íslands skilur þetta ekki, þer hæstv. Alb. að koma henni í skilning um þetta.

Ég vil undirstrika það, sem hv. 2. þm. Reykv. (EOI) sagði, að það væri rétt og eðlilegt, að við atkvgr. við 1. umr. frv. kæmi fram, hverjir eru með málinu og hverjir á móti því. Það er rétt, að stjórn Eimskipafélags Íslands sjái, hvort Alb. viðurkennir rétt verkamanna og hvort það vill sýna Eimskipafélagsstjórninni, að hún á að beygja sig fyrir valdi verkamanna og réttmætum kröfum. Þeir, sem eru á móti frv., ættu að greiða atkv. á móti því nú þegar, en þeir, sem eru með því, ættu sömuleiðis að greiða atkv. með því nú. Ég geri ekki ráð fyrir, að í þessu máli þurfi nema hótun eina, til þess að stjórn Eimskipafélags Íslands beygi sig, þegar hún sér vilja Alb. í málinu. Og þess vegna þarf hann að koma fram.

Sveinbjörn Högnason: Ég get ekki látið hjá líða vegna þess máls, sem fyrir liggur, og þeirra umr., sem fram hafa farið, að segja nokkur orð.

Það er verið að tala um það, sem mun rétt vera, að yfirvofandi sé ihlutun erlends valds um atvinnumál okkar og verkalýðsmál. Hæstv. forsrh. sagði hér með réttu, að þegar um það væri að ræða, og það, hvornig hægt væri að afstýra þeirri erlendu ihlutun, þá ættu allir flokkar að standa saman um það, sem og er rétt. Mig furðar þess vegna á því, að hæstv. forsrh. skuli ekki hafa tryggt sér það nokkurn veginn sémilega hjá stuðningsflokkum sínum, að þessu máli verði þannig tekið, heldur er, þegar hættan vofir yfir, snúizt við því með hótunum og brigzlyrðum á aðra menn og talað um það, hverjum það sé að kenna, að vinnan við höfnina hefur nú verið stöðvuð. Hitt er eins og skipti minna að forð-

ast þá árekstra, sem hér hafa orðið og eru stórhættulegir sjálfstæði okkar í atvinnumálum.

Ég vil benda á í sambandi við það, sem hv. þm. Ísaf. (FJ) sagði, að þessi vinnustöðvun væri að kenna gerðardómsl., að hæstv. forsrh. hefur fyrir nokkuð löngu skipað þeim dómi að fella ekki dóma í kaupgjaldsmálum. Samt sem áður dirfast sumir hv. þm., eins og hv. þm. Ísaf., að segja, að gerðardómsl. hafi verið valdandi þeim árekstrum, sem ætla að verða þjóðhættulegir, ef ekki er tekið í taumana. Samtímis segja þessir menn, sem hafa verið á móti gerðardómsl., að sigurinn sé unninn, þau l. séu nú úr sögunni, og nú séu það þeir, sem ætli að setja kostina, eins og sigurvegarar, um það, hvornig samið verði. Og kostirnir virðast þá vera þessir, ef ríkisstj. gerir ekki það, sem þeim þóknast, hverjar sem kröfurarnir eru og án þess að farnar séu nokkrar samningaleiðir til þess að komast hjá frekari vandræðum, þá sé þeim að mæta, það sé ekki annað en að viðurkenna vald sigurvegaranna.

Hv. síðasti ræðumaður (SigfS) talaði um viðurkenningu á þessu valdi. Ég held, að ef haldið væri áfram á þeirri braut, að eingöngu ætti að taka tillit til þess, hvað hver einstaklingur getur unnið þjóðinni mikum tjón með valdi sínu, þá held ég, að við getum fengið erlenda íhlutun mjög fljótt um mál okkar.

Það, sem einkennilegt er við þessar umr., er það, að flm. frv. þykjast hafa ríkisstjórnina svo í sinni hendi, að þeir geti komið fram við hana öllu, sem þeir óska. Þetta álit ég, að sé mjög athyglisvert fyrir hæstv. Alþ. Ef einhverjir samningsaðilar hafa ekki verið nógu liðugir til þess að lúta sigurvegurinum, þá þurfi ekki annað en að segja umboðsmönnum sínum að fara til ríkisstjórnarinnar og láta hana koma vilja sínum fram. Ég held, að þau mörgu orð og fögru um, að það þurfi að ná friðsamlegu samkomulagi og ríkisstjórnin ætli að beita sér fyrir því, að samið verði á friðsamlegum grundvelli og þá muni öllum hættum verða afstýrt, — ég held, að þessi mörgu orð fölni við ljós þess, sem komið hefur fram í umr. hér í dag. Hæstv. ríkisstjórn virðist vera gersamlega ráðþrota og vanmáttug, og ráð ríkisstjórnarinnar virðast vera öll í höndum þeirra manna, sem hér koma sem sigurvegarar og skoða sig sem umboðsmenn þeirra manna, sem telja sig geta með aðstöðu sinni komið einhverju til leiðar, sem geti valdið tjóni, ef þeim er ekki hlýtt.

Ég álit, að þetta sé mikið alvöruefni, hvornig þetta horfir við og hvornig á þessum málum er haldið. Og við, sem utan við stöndum, sjáum samkomulagið. Sumir hv. þm. stinga höfðinu ofan í sandinn og kenna gerðardómsl. um það, hvornig komið er málum hér við höfnina, og að það sé þá víst allra meina bót í því efni að afnema þau l. Við, sem utan við stöndum, sjáum vel, hvornig þau vinnubrögð eru, sem þessi samsteypa beitir, og hvað það er, sem þessir menn ætla að gera.

Flm. (Einar Olgeirsson): Herra forseti. — Það hefði verið dálítið gaman að fá að heyra afstöðu Framsfl. til þessa máls. Það er ekki lengra síðan

heldur en síðan í gærkvöldi, að þessi flokkur lýsti því yfir, að hann vildi vera með í að leysa vandamál þessarar þjóðar. Hvað leggur svo þessi framsóknarmaður til mála, þegar það liggur fyrir og er vitanlegt hv. þm., að það stendur til, að amerískt herlið taki í sínar hendur vinnu, sem við Íslendingar eigum sjálfir að vinna? Hvar eru till. þessa flokks í málinu? Ég veit, að hv. þm. mun veitast það erfitt að fá nokkuð út úr því rugli, sem hv. þm. V.-Sk. (SvbH) var með hér núna áðan, um afstöðu Framsfl. til þessa vandamáls. Ég veit ekki, hvort það er meiningin að láta hann tala hér til þess að láta ekki afstöðu flokksins koma í ljós. En ef það ætti að leita með logandi ljósi í hans ræðu um það, hver er afstaða flokksins í þessu máli, þá er hún þessi. Ef nokkuð lá á bak við ræðu hv. þm. V.-Sk. áðan, þá var það þess efnis, að Framsfl. væri flokkur, sem vel mætti treysta í því að svikja verkalýðinu, og enn fremur, að Framsfl. væri ómissandi verkfæri í höndum milljónamæringanna í Rvk. Þetta var sú niðurstaða, sem ég komst að eftir að hafa hlustað á ræðu þessa hv. þm. Allir vita, að einu ráðin, sem Framsfl. þekkir til þess að leysa vandamálin, eru að þrælbinda verkalýðinn, enda hefur hann beitt sér fyrir því mjög rösklega, og nú, þegar á að afnema gerðardómslög, þá kemur yfirlýsing frá framsóknarmönnum, sem sýnir, að þeir standa á sama stigi og í janúar í vetur, hvað þetta mál snertir. Þeir hafa hvorki gert iðrun né yfirbót, en ávita ríkisstj. fyrir, að hún skuli hafa látið undan verkalýðnum með því að vilja afnám þessara l.

Hv. þm. V.-Sk. hliðraði sér hjá, að láta í ljós skoðun sína á þessu máli, sem hér um ræðir. Til þess að komast að því, hvað hann vill, þá þarf að rannsaka hans hjarta og nýru og umturna allri hans fortíð. Hann og aðrir framsóknarmenn þora ekki að taka afstöðu gegn milljónamæringunum, heldur halda þeir sig á gerðardómslinunni. Hann vill forðast árekstra og segist hafa andstyggð á valdbeitingu. Sá, sem stendur að valdbeitingu í þjóðfélaginu, er einmitt Framsfl., svo að þessi hv. þm. ætti að tala varlega og þakka fyrir stillingu islenzks verkalýðs að hann skuli hafa haldið sér í skefjum eftir aðrar eins aðgerðir og hann hefur orðið að þola. Þá segir þessi hv. þm., að Sósf. og Alþf. fái verkalýðinn til þess að gera það, sem þjóðinni stafi hætta af. Er hættulegt fyrir þjóðina, að verkamenn fái 2 krónur um tímann eða 16 krónur fyrir 8 stunda vinnu? Ég fæ ekki skilið það. Þeim ferst ekki að tala, sem hafa margir hverjir há laun fyrir litla vinnu. Mér kæmi ekki á óvart, þó að hv. þm. V.-Sk. segði í næstu ræðu sinni, að Framsfl. mundi koma fram með miðlungsartill. í þessu, svo framarlega sem meiri hl. þingsins léti kjördæmamálið niður falla.

Viðvíkjandi þeim samningum, sem gerðir voru fyrir nokkru milli atvinnurekenda og verkamanna, þá voru það atvinnurekendur, sem rufu þá samninga. Alþ. verður að láta atvinnurekendur vita, að það setur ekki ávallt l. gegn verkalýðnum, heldur getur líka tekið ofan í við þá sjálfa.

Hæstv. forsrh. sagði, að Eimskipafélag Íslands mundi verða við þeim óskum, sem bærust frá

rikisstjórninni. Ef svo er, hvers vegna reynir ríkisstjórnin ekki þá leið núna. Fyrir nokkru gat hæstv. forsrh. haft áhrif á eimskipafélagið í þá átt, að það gekk að kröfum nokkurra starfsmanna sinna, og nú ætti hæstv. rh. að beita sér fyrir því, að gengið verði að þeim kröfum, sem fram hafa komið af hálfu verkamanna. Annars óttast ég, að vissir menn séu svo harðvítugir í yfirstéttaranda sínum, að þeir haldi máli sínu til streitu og beygi verkalýðinn, og meira að segja, að ríkisstjórnin gæti ekki haft áhrif á þá. En þeir mundu ekki kæra sig um, ef Alþ. samþ., að gengið væri að kröfum verkamannanna. Frá því 7. ágúst hafa stjórnir eimskipafélagsins, vinnuveitendafélagsins og Dagsbrúnar setið við samningaborðið, og það hefur engan árangur borið. Í gær var sáttanefndarfundur, sem ekki bar neinn árangur, og í kvöld verður aftur reynt að komast að samkomulagi. Ég get fallið á, að þessu máli verði vísað til n. nú, svo framfarlega sem þeir utanþingsmenn, er með málið hafa að gera, fái að vita í dag, að frv. verði afgr. á morgun. Málinu verður að hraða, því að mjög mikil hætta getur stafað af því að láta slíkt vandamál bíða úrlausnar deginum lengur.

Forsrh. (Ólafur Thors): Ég hlýddi ekki á umr. um þetta mál, en ég heyrði sagt, að hv. þm. V.-Sk. hafi sagt, að þetta frv. sannaði, að ríkisstjórnin væri á valdi manna, sem vildu spenna allt upp úr öllu valdi.

Ég veit ekki, hvernig hans flokkur hefði tekið þessu máli, ef hann hefði verið við völd, en núverandi ríkisstjórn reynir að koma á sættum og vonar, að þegnskapur Íslendinga sé svo mikill, að fullt samkomulag geti náðst, áður en til erlendra ihlutunar kemur, en ég veit engan síðri boðbera sætta en hv. þm. V.-Sk., enda þótt hann á helgidögum klæðist hempu.

Hv. flm. þessa frv. mega ekki ætla einhlýtt, að verkalýðurinn geti alltaf sagt fyrir verkum, hvað laun þeirra snertir. Öllum hefði verið það til blessunar, ef hægt hefði verið að halda í gerðardómslög, og skoðun mín á réttmæti þeirra l. er óbreytt, en menn verða að viðurkenna, að l. hafa brostið. Það er augljóst, að þessi l. gátu ekki staðizt fremur en önnur l., sem þjóðin er á móti. Það byrjaði þannig, að Alþfl. tók ráðherra sinn úr stjórninni og hóf áróður gegn l., og Sósf. tók undir þetta með honum. Strax og búið var að setja l., þá voru þau brotin, en við lokuðum augunum fyrir því, af því að það var ekki almennt. En þegar í ljós kom, að atvinnurekendur yfirleitt greiddu herra kaup og verkamenn heimtuðu meira en l. heimilðu, þá var ekki annað hægt en viðurkenna þá staðreynd, að l. væru fallin.

Ég greiði atkv. með afnámi l. þessara, en í trausti þess, að annað komi í staðinn. Þjóðin verður að skilja, að verðhækkun og taumlaus verðbólga verður aðeins til hölvunar. Ef verkalýðurinn tekur hlut af arði þjóðarinnar, án þess að framtíð þjóðarinnar sé í voða, þá er það gott, en illt er, ef farið er út í öfgar, svo að þjóðinni stafi hætta af.

Ég vil brýna fyrir málsvörum verkalýðsins eða þeim, sem þykjast vera það, enda þótt þeir séu Alþt. 1942. C. (60. löggjafarþing).

Það ekki öðrum frekar, að óhóflegar kröfur geta orðið til hölvunar, sem ekki verður spornað við, og þeir, sem segja, að allt sé betra en erlend yfirráð, ættu að skilja þetta.

Ég mun ekki ræða um, hvort verkamenn eða atvinnurekendur hafa rofið samninga. Það, sem máli skiptir, er að leysa þetta mál og finna sameiginlegan grundvöll, sem hægt er að standa á framvegis. Ef til vill má skoða þetta frv. sem ógnun, en ég er því andvígur, enda þótt ég láti hlutlaust, að það fari til n.

Hv. þm. V.-Sk. sagði, að gerðardómsl. hafi aðeins verið framkvæmd fram í júní, en það er ekki rétt, því að þau voru aldrei framkvæmd. Það veitti ekki af að kenna þessum hv. þm. að segja sannleikann. (PHann: Það situr stítt á hæstv. forsrh. að tala um að kenna öðrum, því að honum gekk ekki svo vel í skóla.) Ég hef heyrt þetta áður frá rektori menntaskólans, en á meðan ég er ekki verri en það, að ég var latur í skóla, þá held ég, að hann ætti fremur að leggja stund á að kenna þeim unglingum, sem honum er trúað fyrir, heldur en kenna mér. Því að það er erfitt að kenna gömlum hundi að sitja. Hv. 2. þm. Reykv. þótti miður, að ríkisstjórnin skyldi ekki hafa beitt áhrifum sínum til þess að fá eimskipafélagið til að láta undan í þessu máli. Ef hann heldur, að afskipti okkar af deilunni um daginn hafi verið eitthvað hliðstæð þessu, þá skjátlást honum. Ég hef birt um þetta skýrslu í blöðum, ef hv. 2. þm. Reykv. les hana, mun hann sjá, að þar er alls ekki líku saman að jafna. Hitt er annað mál, að vel getur komið að því, að ég mundi beita mínum áhrifum á atvinnurekendur og verkalýð og mundi vilja reyna á, hvaða tillit þeir taka til þess. Og ég tel mig hafa gert það, sem talin er ýtrasta skylda sérhverrar ríkisstjórnar, þar sem ég hef fengið 4 hæfa menn til þess að reyna ásamt sáttasemjara að sætta deiluna. En þegar um það er að ræða að leggja grundvöll að framtíðarskipulagi, verður að ræða það svo vandlega, að það getur eðlilega skipt nokkrum dögum. Og ég hefði talið eðlilegt, að verkalýðurinn héldi áfram vinnu upp á loforð um það, að það kaup, sem semdist um, gildi frá þeim degi, er stöðvunin hófst. Mér hefði þótt þetta eðlilegra heldur en úrræði eins og þau, að ríkisstjórnin tæki valdið af Eimskipafélagi Íslands og léti það ganga inn á kröfur verkamanna.

Að öðru leyti ætla ég ekki að ræða þetta mál, af því að ég tel deilur um málið á þessu stigi þess óheppilegar.

Sveinbjörn Högnason: Ég vil byrja með því að þakka hæstv. forsrh. (ÓTh) fyrir það, að hann telur mig manna ólíklegastan til þess að verða boðberi sátta, og skilja það frá hans hendi þannig, að ég muni manna ólíklegastur til að sættast við þau öfl, sem hann er fulltrúi fyrir, samkvæmt eðli sínu, uppruna og afstöðu í landsmálum. Þetta er rétt. Ég mun sízt sætta mig við þann peninga- og valdahróka, sem kemur fram hjá þessum manni, sem vill þiggja völd af náð þeirra, sem hættulegastir eru þjóðfélaginu, þó ekki sé nema um stundarsakir. Ég mun seint verða mjög sáttfús við þetta hugarfar.

Viðvíkjandi þeim orðum, sem hv. 2. þm. Reykv. (EOI) var að vika að mér út af fyrri ræðu minni, verð ég að segja það, að ég gat ekki varizt því undir flutningi þeirrar ræðu hans að brosa öðru hvoru. Fulltrúi úr samsteypuflokkum stj. kemur hér og æpir, næstum eins og í örvæntingu, og segir: Hvað er það, sem Framsfl. vill gera? Það er eins og þessir menn viti ekki sitt rjúkandi ráð eða hvað þeir eigi að gera. Hann segist allan tímann hafa verið að reyna að hlera eftir því, hvað ég vildi gera og hvað Framsfl. vildi gera í þessu efni. Og hæstv. forsrh. tekur undir fyrirspurnina um það, hvað Framsfl. vilji gera í málinu. Það er eins og þessir flokkar vilji ekkert frekar gera en að hlera eftir vilja Framsfl. í þessu efni, því að þeir vita ekkert, hvað þeir eiga að gera. Meiri aumingjádómur hefur aldrei heyrzt á hæstv. Alþ. þau þing, sem ég hef setið, að láta það koma jafn greinilega fram eins og það hefur nú komið fram, að allt sé í voða og stjórnarflokkarnir viti ekkert, hvað eigi að gera, og spyri þann flokk, sem stendur utan við það að styðja ríkisstjórnina, um það, hvað eigi að gera. Og þeir vita líka, að sá flokkur hefur verið nauðsynlegur í stjórnarsamvinnunni, til þess að eitthvað rétt væri hægt að gera.

Hv. 2. þm. Reykv. talaði um þrælalög. Hvað eiga þessi l. að heita, ef frv. verður samþ., sem fyrir liggur? Á einhverjum á að klekkja. Hvað á að kalla þau? Kúgunarl. á Eimskipafél. Íslands og atvinnurekendur, ef þeir ekki hlýði því, sem vissir menn fyrirskipa? Er ekki hægt að segja það jafnan, þegar löggjafarvaldið vill gefa út löggjöf til þess að leysa vandamál þjóðfélagsins, að þá sé verið að taka fram fyrir hendurnar á einhverjum manni í þjóðfélaginu? Og þá má segja það, að meira eða minna leyti um alla löggjöf, að hún sé kúgunarl. Og það er mjög athyglisvert fyrir okkur framsóknarmenn að sjá það, þegar í þessari fyrstu viðleitni stjórnarfl. um lausn vandamáls, að þá virðast þeir ætla að fara inn á sömu leiðir eins og við framsóknarmenn.

Ég skal ekki dóm á það leggja, hverjum er um að kenna þessa deilu. Ég hef ekki kynnt mér hana. En stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar hafa fullyrt, að alla þessa erfiðleika mætti leysa með frjálsu samkomulagi milli aðila. Þetta hafa þeir reynt einu sinni áður, með hinni svo kölluðu frjálsu leið. Hv. flm. frv. segir, að síðan 7. ág. hafi verið reynt að semja, en við vitum, hvornig það fór. Ríkisstjórnin hefur orðið að blanda sér í það. Og þessi hv. þm. (EOI), sem talar oft um þrælalög, hann kemur hér með frv. til l., sem, ef samþ. yrði, mundi mjög líkjast að eðli sínu „þrælal.“ þessum. Ég sé því ekki annað en að hann sé kominn inn á braut, sem Framsfl. hefur farið, og hann þar með viðurkenni, að óumflýjanlegt sé að beita henni stundum. Ef ég man rétt, sagði hv. 2. þm. Reykv.: Með þessum samningaleiðum, sem hefur verið reynt að fara, gengur þetta ekki. Hvers vegna er þá verið að telja bæði sjálfum sér og þjóðfélagsþegnum trú um, að það sé hægt að gera alla hluti með samningaleiðum? Ég sé engan eðlismun á því, við skulum segja, að atvinnurekendur beiti sinni aðstöðu og því valdi, sem þeir telja sig hafa ein-

hvern tíma til að kúga verkalýðinn, ef þeir telja sig sigurvegara, og hinu, að verkamenn beiti valdi sínu til þess að kúga vinnuveitendur. Og ég tel það enga samninga, ef sigurvegara beita valdi sínu. Þess vegna tel ég það ófugmæli, þegar verið er að telja þjóðinni trú um, að þessir menn, sem nú deila í kaupgjaldsmálum, geti leyst þá deilu með frjálsu samningum. Þessar umr. hér í dag auglýsa svo frammi fyrir almenningi, að ekki verður um villzt, að það hafa verið blekkingar einar og ósannindi gagnvart þjóðinni, að hægt sé með frjálsu samningum að leysa slík vandamál.

Þá talaði hv. 2. þm. Reykv., 1. flm. þessa frv., um einhverja, sem hafi hér „helzt reynt til að stofna til úlfúðar og beita valdi“. Ég veit ekki, hvort hann beinir því til framsóknarmanna, að við höfum tekið þátt í slíkum uppötum. En einu sinni, þegar lenti í uppþoti hér milli verkamanna og bæjarstj. Rvíkur, held ég, að framsóknarmenn hafi reynt að afstýra því. Vitanlega er gefið, að lögreglustjórinn, sem þá var, reyndi að taka slíku eins og sjálfsgert er að gera, þegar óvitar eigast við. Og ég held, að allir séu sammála um það, að annar hvor þeirra aðila, sem börðust 9. nóvember 1932, var óviti. En svo fer tvennum sögunum af því, hvor þeirra var óviti. Ég veit ekki, hvort það voru verkamenn þá eða meiri hluti bæjarstjórnar Rvíkur, það mega þeir gera upp sín á milli. En ég er sannfærður um, að annar þeirra var óviti.

Ég sé svo í raun og veru enga ástæðu til að ræða þetta meira. Ég skal engan dóm á það leggja, hvað réttmætt er, að kaup verkamanna sé, en ég get þezt trúað því, að það sé ekkert meira ábyrgðarleysi í þessum kröfum og uppfyllingu þeirra heldur en mörgu öðru, sem núverandi stjórnarflokkar eru búnir að framkvæma. Hygg ég, að ekki þurfi vandaðar gerðir til þess að jafnast á við það, sem þeir flokkar eru búnir að gera í þessum efnum síðustu þrjá mánuðina. Það er eins og einn hv. þm. sagði, að á þessum þrem mánuðum hefur þessum flokkum tekizt að rífa niður þriggja ára starf. Það er á nokkrum tímum hægt með sprengjum að eyðileggja heilar borgir, sem hefur tekið aldri að byggja upp. Og með samsteypusprengjunni hefur tekizt að eyðileggja geysimikið í atvinnulífi landsins, og svo er gripið til þess að kenna þeim um, sem stóðu að því að setja gerðardómsl. á sínum tíma.

Hæstv. forsrh. sagði, að gerðardómsl. hefðu aldrei verið framkvæmd. Ég held nú, að það sé ekki rétt, heldur hafi gerðardómsl. verið framkvæmd eins og aðstæður voru til, meðan samstarf var um það í ríkisstjórninni. Þegar aftur á móti var horfið að því ráði af Sjálfstfl. að mynda stjórn með þeim, sem voru á móti gerðardómsl., þá var augljóst, að þau yrðu rifin niður, enda fyrirskipaði hæstv. forsrh. í júní í vor þeim, sem dóminn sátu, að þeir skyldu ekki fella neina úrskurði í kaupgjaldsmálum. Síðan kemur því ekki til greina, að gerðardómsl. hafi haft nein áhrif í þeim efnum. Það er því einkennileg röksemdafærsla, þegar það er borið fram sem röksemd í þessu máli, að sá vandi, sem nú er fyrir dyrum í sambandi við vinnustöðvun-

ina við höfnina, sé að kenna gerðardómsl., sem að því er til ákvörðunar kaupgjalds tekur, eru felld úr gildi fyrir nokkrum mánuðum.

Einar Olgeirsson: Ég heyrði það á ræðu hv. þm. V.-Sk. (SvbH), að svo framarlega sem hann hefur talað fyrir hönd Framsfl. í þessu máli, veit Framsfl. ekki sitt rjúkandi ráð í þessu máli. Ég skoraði mjög eindregið á hann að gefa upplýsingar um það, hvað hann vildi gera í málinu — ekki vegna þess, að ég byggist við góðum ráðum þaðan, — yfirleitt hefur maður ekki fengið nema slæm ráð frá honum. En ræðu hans mátti skoða sem gjaldþrotayfirlýsingu, því að hann sagði bara: Ég vil engan dóm á þetta leggja. Þeir þóttust þó dómbærir framsóknarmenn hérna um árið, þegar þeir ákváðu það kaup handa verkamönnum, sem þeir áttu að sætta sig við, á 9 klst. voru l. um það drifin í gegnum þingid.

Hv. þm. V.-Sk. minnstist á það, að hér væri um kúgunarl. að ræða gegn atvinnurekendum, ef frv. væri samþ., ný þrælalög, sem beindust aðeins gegn atvinnurekendum í staðinn fyrir að beinast gegn verkamönnum. En það er ekki verið með þessu frv., ef að l. verður, verið að fyrirskipa atvinnurekendum neitt um að borga ákveðið kaup, heldur að fyrirskipa að taka eitt ákveðið verk undir stjórn ríkisins vegna þess, að ef þetta verk stöðvast, stafar hættu af því fyrir frelsi og sjálfstæði landsins. Og eftir l. liggja þingstu refsingar við því að valda því, að erlent vald gripi inn í atvinnulíf Íslendinga. Þarna þarf að afstýra hættu með því að taka þarna út úr eitt sérstakt verk, sem ákveða á, að ríkisstjórnin eigi að ráða, hvernig sé unnið. Síðan geta atvinnurekendur og verkamenn haldið áfram sínum samningum eins og þeir vilja. Hér er því um allt annað að ræða heldur en hv. þm. V.-Sk. vill vera láta. En ég heyri á ræðu þessa hv. þm., ef á að skoða hann sem fulltrúa Framsfl. við þessar umr., að Framsfl. er sama, hvernig fer um þetta.

Þá sagði hv. þm. V.-Sk., að hann sæi ekki eðlis- mun á því, hvort atvinnurekendur eða verkamenn væru beittir valdi í vinnumálum af hálfu þess opinbera. En ég veit, að í framkvæmd sér Framsfl. það ráð, að beita sér aðeins fyrir því að setja l. móti verkalýðnum, en með atvinnurekendum, en ekki það gagnstæða. En ef á að taka þetta til athugunar eitthvað nánar, þá má þó segja það, að það þóttu ekki þrælal., þegar mjólkurstöðin var tekin hér um árið leigunámi til þess að framfylgja öðrum l. sem þá voru gefin út. Man ég þó ekki til, að sjálfstæði landsins stafaði nein hættu af því, þó að mjólkurstöðin yrði ekki tekin leigunámi.

Þá minnstist hv. þm. V.-Sk. á viðureignina 9. nóvember 1832 og talaði um, að annars vegar hefðu verið óvitar að verki, en vildi ekki ákveða, hvoru megin óvítaskapurinn hefði verið. Þar áttust við lögreglustjóri annars vegar, en hins vegar verkamenn. Ég vildi biðja þennan hv. þm. að athuga, hversu nærri Framsfl. hann heggur með þessu.

Viðvíkjandi því, sem hæstv. forsrh. sagði, vil ég skjóta því fram, að hann sagði, að það væri hugsanlegt, að það væri ekki hægt að rísa undir

þeim kröfum, sem verkamenn gera. Ég býst ekki við, að það sé skoðun manna. Það hefur líka tíðkast, að kaupmenn og seljendur vara hafa ráðið verðinu á vörum sínum. Hins vegar hefur rétturinn verið tekinn af verkamönnum um að ráða kaupi sínu og kjörum. Og meðan kröfur verkalýðsins ganga ekki lengra heldur en þær ganga nú, virðist mér einsætt, að það sé ekki ríkisins að standa á móti þeim, eftir að það hefur hvað eftir annað staðið á móti verkalýðnum eins og það hefur gert.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 20 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: EystJ, FJ, GG, GSv, HelgJ, IngJ, ÍslH, JPálm, JörB, PHall, PZ, PP, PHann, SigfS, SB, SEH, SvBH, BFB, EOI, EmJ.

SkG greiddi ekki atkv.

12 þm. (GP, GTh, JakM, ÓTh, PO, SK, Sp, StJSt, ÁkJ, ÁÁ, BÁ, BJBj) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkv. sínu:

Páll Zóphóníasson: Í von um það, að málið fari til n. og þar verði tekið til rækilegrar athugunar, hvort ríkisstjórnin eigi ekki að taka alla stjórn Eimskipafélags Íslands í sínar hendur, segi ég já.

Frv. vísað til allshn. með 17 shlj. atkv.

Nefndarálit kom ekki, og frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

13. Virkjun Fossár í Ólafsvíkurhreppi.

Á 16. fundi í Nd., 27. ágúst, var útbýtt:

Frv. til l. um virkjun Fossár í Ólafsvíkurhreppi (þmfvr., A. 142).

Á 17. fundi í Nd., 28. ágúst, var frv. tekið til l. umr.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði leyfð og samþ. með 18 shlj. atkv.

Flm. (Bjarni Bjarnason): Herra forseti. — Á öndverðu þessu þingi flutti ég ásamt hv. þm. S.-Þ. þáttill. í Sp., þar sem farið var fram á ríkisábyrgð fyrir Ólafsvík, Sand, Stykkishólm, Húsavík og staði nálægt Laxárvirkjuninni. Þetta mál hefur legið hjá fjvn. síðan og komið þar nokkrum sinnum til umr. Eins og hv. þm. er kunnugt, hafa lík mál og þetta verið á dagskrá hér áður, og jafnan, er þm. hafa komið fram með þau, hefur Alþ. ekki séð sér fært að veita slíka ríkisábyrgð, nema þegar bæjar- eða sveitarfélög hafa átt í hlut, og orðið að vera til þess lög.

Í gær og reyndar í fyrradag gekk ég úr skugga um það í fjvn., að ekki gæti verið um samkomulag um fjárstyrk að ræða, en ég tel einmitt það mjög þýðingarmikið, að rafmagnsmál séu leyst með samkomulagi. Þess vegna krafðist ég

Þess ekki af form. fjvn., að hann bæri þessa till. upp né að atkvgr. færi fram, með því að óvist var um úrslit hennar. Þess vegna taldi ég rétt að leggja fram frv. um málið.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um raforkumál almennit, því að þau hafa þegar verið mikið rædd, en ég vil aðeins geta þess í sambandi við þetta frv., að fyrir liggur allrækilæg rannsókn á öllum staðháttum og kostnaði virgjunarinnar. Verðlag frá því að síðasta kostnaðaráætlun var gerð, 1941, hefur að visu breytzt töluvert, en auðvelt að reikna þá hækkun, sem orðið hefur frá þeim tíma. Kostnaðaráætlun, er gerð var í marz 1941, gerir ráð fyrir 700 hestöflum, að þau kosti tæpar 800 þús. kr. Síðan hafa hreppsn. Ólafsvíkur og Neshrepps ekki talið heppilegt að byrja á minna en 1000 hestöflum, og mun það hækka kostnaðaráætlunina upp í 1½ millj. Þá er verðið á efninu miðað við, að hægt væri að fá það frá Englandi, en nú mun verða að fá a. m. k. eitthvað af því frá Ameríku, og það mun gera efniskaup enn dýrari.

Þetta mál mun að sjálfsögðu koma til n., og mun ég geta látið henni í té áætlanir allar í sambandi við þessa virgjun. Ég vil einnig geta þess, að aðstaðan til virgjunar er þarna afbragðs góð, og vatnsmagn hefur aldrei komizt lægra en svo, að hægt væri að framleiða 2 þús. hestöfl með því. Leiðslan til Ólafsvíkur verður stutt, en um 8 km eru til Hellissands, og yrði sú leiðsla býsna dýr. Ég tel þetta vera mjög þýðingarmikið mál fyrir þessa 2 staði, sem telja samtals um 1000 íbúa. Skilyrði til atvinnuvega þarna eru góð, sérstaklega ef bætt yrði úr hafnarleysi Hellissands. Frystihús eru á báðum stöðunum og þarfnast raforku, og mundu þau því standa straum af verulegum hluta virgjunarkostnaðarins. Þessi virgjun er mikið nauðsynjamál, vel undirbúin og skilyrði svo góð sem verða má, og því finnst mér, að þessi virgjun megi ganga á undan mörgum öðrum þörfum framkvæmdum, svo sem stækkun rafveitustöðva Ísafjarðar, Akureyrar o. fl. Því að ég tel eðlilegt, að þeir bæir, sem ekkert rafmagn hafa, gangi fyrir þeim bæjum, er þurfa á stækkun sinna rafstöðva að halda.

Það er óvist um, hve lengi þing þetta kann að standa, og vildi ég óska, að það stæði sem stytzt úr þessu fyrir ýmissa hluta sakir, en í von um, að þetta frv. hefði tíma til þess að

verða að l., þer ég það fram, og legg ég því til, að því verði vísað til fjhn. og 2. umr.

Pétur Ottesen: Í áframhaldi af því, sem flm. frv. hefur réttilega skýrt frá gangi þessa máls, þá vil ég skýra frá því, að fjvn. hefur sent ríkisstj. bréf varðandi öll rafveitumál, að því er snertir ríkisábyrgð fyrir lánum til þeirra, og farið þess á leit við stj., að hún undirbyggji frv. um, hvaða kröfur þyrfti að uppfylla til þess, að hægt væri að veita aðstoð frá ríkisins hálfu til þessara hluta, til þess að hægt væri að koma betra skipulagi á þessi mál, sem hafa þvælt hvert fyrir öðru á tveimur undanföllum þingum. Fjvn. hefur átt tal um þetta við atvrmh., sem þessi mál heyrja undir, og hefur hann tekið því vel að láta undirbúa og leggja fyrir Alþingi frv. hér að lútandi. Ég vildi láta þessa getið um leið og þetta mál er hér til umr., en ég mun greiða atkv. með því, að frv. þetta fari til nefndar.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 23 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Sp., 5. sept., var útbýtt frá Nd. nál. á þskj. 205, en frv. var ekki á dagskrá tekið fram.

14. Virgjun Svelgsár.

Á 17. fundi í Nd., 28. ágúst, var útbýtt:

Frv. til l. um virgjun Svelgsár í Helgafellsveit (þmfrv., A. 154).

Á 18. fundi í Nd., 31. ágúst, var frv. tekið til 1. umr.

Enginn tók til máls.

ATKVGR.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv. og til fjhn. með 23 shlj. atkv.

Á 16. fundi í Sp., 5. sept., var útbýtt frá Nd. nál. á þskj. 206, en frv. var ekki á dagskrá tekið fram.